

ÞEY
EINTAK

SIRKUS

RVK

10. MARS 2006 | 10. VÍKA

**TINNA HRAFNS
MEÐ AÐALHLUTVERK Í
VEÐRAMÓTUM**

**LÁRA RÚNARS
OPNAR
KISTUNA**

**JOSÉ GONZALES
EINHLEYPUR Á
ÍSLANDI**

KÖRFUBOLTAKONA **EKKI** KLÁMSTJARNNA

TAMARA STOCKS GEKK Á DÖGUNUM
TIL LIÐS VIÐ KVENNALIÐ GRINDAVÍKUR
Í KÖRFUKNATTLEIK. HÚN ER
METNAÐARGJÖRN KÖRFUBOLTAKONA
EN HEFUR ÞÓ HLOTIÐ HVAD MESTA
ATHYGLI FYRIR MYND SEM BIRTIST AF
HENNI Á BLS. 147 Í PLAYBOY.

+ ALLT SEM ÞÚ ÞARFT AÐ VITA UM MENNINGAR- OG SKEMMTANALÍFIÐ Í REYKJAVÍK

SVETT OG SKEMMTILEGT ROKK

ÞAÐ VERÐUR ALDEILIS VEL TEKIÐ Á ÞVÍ Á GAUKNUM Í KVÖLD. ÞÆR HLJÓMSVEITIR SEM STÍGA Á STOKK ERU BRAIN POLICE, DR.SPOCK, HOFFMAN OG NILFISK. ÞESSI KOKTEILL LOFAR SVEITU ROKKI AF BESTU GERÐ OG ÞEIR SEM VILJA ROKKA ÆTTU EKKI AÐ LÁTA SIG VANTA. ÞAÐ ER LANGT SÍÐAN HEYRST HEFUR Í BRAIN POLICE OG AF ÞVÍ TILEFNI ÁKVAÐ SIRKUS RVK AÐ SLÁ Á ÞRÁÐINN TIL ÞEIRRA OG ATHUGA HVAÐ VÆRI AÐ FRÉTTA OG HVAÐ VÆRI FRAMUNDAN.



BRAIN POLICE LOFA GÓÐU ROKKI Í KVÖLD.

„Við erum að fara að halda tónleika í kvöld, ég á afmæli og það verða haldnir stórtónleikar í tilefni af því,“ segir Búi Bendtsen, gítarleikari Brain Police, sem spilar á Gaukn-um í kvöld.

NÝTÍU LAGA PLATA

„Dr. Spock, Hoffman og Nilfisk eru líka að spila. Við spilum fullt af góðu gömlu efni og fumflytjum nokkur glæný lög sem aldrei hafa heyrt áður. Það er gott að prófa að spila þau áður en við förum að taka þau öll upp. En þetta er fyrst og fremst sveitt og skemmtilegt rokk,“ segir Búi um dagskrá kvöldsins.

Hvað hafið þið verið að gera að undanförmu?

„Við erum búnir að vera læstir inni í æfingahúsnæði og verið í stúdíói að prófa okkur áfram með nýju lögin okkar. Það er nánast tilbúin ný plata og við erum að fara í stúdíó í byrjun apríl, þá verður tekin upp tíu laga plata,“ segir Búi.

SPILERÍPÁSA EFTIR ROSALEGT ÁR

„Við tókum smá spilerípásu, enda vor-

um við rosalega duglegir á síðasta ári. Ég held að með ferðinni sem við förum þá höfum við spilað á svona 60 tónleikum á síðasta ári, allavega það, það er slatti fyrir band í svona geira. Þetta er nú helvíti gott og síðan ákváðum við að skella í nýja plötu sem verður væntanlega komin út einhvern tímann í sumar,“ segir Búi um undanfarna mánuði.

AÐEINS MEIRI GÍTAR OG ROKK

„Ég kom inn á síðasta ári og er búin að vera í rúmlega ár og það gengur vonum framan,“ segir Búi. „Ég er að reyna að setja mitt „inpútt“ í þetta, reyna að fá aðeins meiri gítar og aðeins meira rokk, en um leið að halda þessum Brain Police-kjarna. Nú, en platan er að sjálfsgöðu þétt rokk í anda Brain Police en kannski aðeins aðgengilegri og skemmtilegri. Það er góður andi í hópnum og okkur líður vel að semja þessa músík.“

PLATA, DVD OG VÍNÝLPLATA

„Framundan er platan, svo kíkjum við eitthvað út að spila í Evrópu, nokkur festi-

völ og tónleikar. Svo þegar platan kemur út erum við hugsanlega að fara að gefa út vínýlplötu, en sjáum hvað setur. Það er allavega markmiðið, okkur langar alla að gefa út vínýlplötu, enginn okkar hefur gert það. Svo fylgir þessari plötu væntanlega DVD-diskur sem verður „live“ efni með okkur, bæði af Alice Cooper-tónleikunum og frá því þegar við vorum úti að spila í Evrópu. Svona upptökuprósessinn og einhver græjunörð að tala og ýmislegt annað spennandi efni. Þetta verður stór og veglegur pakki.“

NEFNA PLÖTUNA 060606

Erud þið komnir með nafn á plötuna?

„Við ætlum að nefna hana eftir útgáfudeginum – 060606. En það gæti breyst eitthvað. Þetta er soldið stór biti að kyngja og við viljum gera þetta almennilega og gefa okkur nægan tíma. Þessu gæti seinkað eitthvað aðeins en platan kemur út á þessu ári, ég get lofað því. Þetta verður nýtt, ferskt og spennandi,“ segir Búi afmælisbarn í lokin.

SEJ

SIRKUS MÆLIR MEÐ



Sirkus mælir með kvikmyndinni Green Street Hooligans sem kemur út á DVD í vikunni. Alls ekki gallalaus mynd og það kæmi alls ekki á óvart ef þetta yrði uppáhaldsmynd einhverra harðhauða í fjölmörgum ár. Myndin fjallar um fótboltaþullur á Englandi sem styðja West Ham United.



Sirkus mælir með að heimsækja hinn magnaða miðbæ Kópavogs, Hamraborg. Löngum hefur hann ekki þótt merkilegur en það hafa orðið einhverjar breytingar á því. Hamraborg er fallaga ljótur staður. Þeir sem eru orðnir of svalir fyrir 101 Reykjavík ættu að skella sér í Hamraborgina og kíkja á mannlífið þar. Aldrei að vita nema Stebbi Geit, Innsól og Jói á hjólinu verði allir á vegi þínum.



Sirkus mælir með brennslu kikkboxi. Sirkus fór og skoðaði aðstæður í World Class við brennslu kikkbox-iðkun og leist vel á. Smjörrið lekur af iðkendum.



Sirkus mælir með Bleika pardusnum. Nýja myndin um franska lögreglumanninn Jacques Clouseau er löðrandi snilld. Myndin hefur fengið hræðilega dóma sem er með öllu óskiljanlegt. Allir gömlu brandaramirnir eru mættir aftur og ekkert nýtt grín er á boðstólum. Sem er jákvætt, maður hlær að því sem maður þekkir.

SVARTA FULLKLÆDDA FJALLKONAN

SIRKUSÁVARPIÐ

Sirkus RVK er fjölþjóðlegur að þessu sinni. Forsíðuna prýðir hin afrísk-ameríska Tamara Stocks, sem hefur mikið verið í fjölmiðlum að undanförmu eftir að upp komst að hún hafði setið fyrir í Playboy. Íslendingar stukku upp til handa og fóta og einhverjir töldu að þarna væri klámstjarna á ferð. Það sem færri vita er að myndin sem birtist af Tamöru í Playboy var á blaðsíðu 147 og hún var ekki einu sinni nakin. Annað en íslensku fjallkonurnar sem kynntu landið okkar á sínum tíma í sama blaði – allsberar og alsælar.

Sirkus er sem fyrr segir fjölþjóðlegur enda fjölgar íslenskum, splunkunýjum og stálpuðum ríkisborgurum með hverjum degi sem líður og það er vel. Þjóðfélagið er að breytast sem sýndi sig best þegar svarta fjallkonan varð að veruleika í Hafnarfirði á sínum tíma. Hún var í búningi – ekki allsber.

Sólmundur Hólm



SIRKUS

365

Auglýsingastjóri: Jóhannes Már Sigurðarson
Kynningarstjóri: Guðmundur Arnar Guðmundsson
Sölustjóri: Einar Björgvin Davíðsson, sirkusauglýsingar@365.is
Ritstjóri: Sólmundur Hólm
Ritstjórn: Hjörvar Hafliðason og Sigríður Ella Jónsdóttir.
Áskrift: 550 5000 / askrift@365.is
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja



Forsíðumyndin tók Heiða af Tamöru Stocks

EFNI

4 – Brynja Valdimars tekin á teppið

6-7 – Bikinibombur í banastuði

8-9 – Tamara Stocks er körfuboltakona – ekki klámstjarna

10 – Draumalið Sirkus RVK í körfuknattleik kvenna

12 – Íris Kristins opnar dyrnar


14 – Spurningakeppni rauðhærða fólksins

16 – Tinna Hrafns leikur með heyrnarskertum

18 – Halaleikhópurinn lætur ekkert stöðva sig

20 – José Gonzales er seiddandi söngvari

29-30 – Allt sem þú vilt vita um menningar- og skemmtanalífið í Reykjavík





NÝTT

Mexican
Lime

LÉTTKOLSÝRT

Það sést
hverjir drekka
Kristal



BRYNJA VALDIMARS-DÓTTIR SLÓ Í GEGN Í IDOL KEPPNINI Í FYRRA. HÚN FÉLL ÚR KEPPNI Í SJÖ MANNA ÚRSLITUM EN ÞRÁTT FYRIR AÐ HAFA FALLIÐ ÚR KEPPNI ER BRYNJA EKKI HÆTT AÐ SYNGJA OG VONANDI FÁ LANDSMENN AÐ NJÓTA RADDAR HENNA Á KOMANDI ÁRUM. HÚN ER AÐ KLÁRA FJÖLBRAUTA-SKÓLA VESTURLANDS.

FREKKNUR ERU SÆTAR

YFIRHEYSRAN

HVAÐ ER ÞAÐ FYRSTA SEM ÞÚ GERIR Á MORGNA-ANA? (SPURT AF SVALA)

Um leið og ég vakna, hugsa ég strax um mat.



LÍNA LANGSOKKUR EÐA EMIL Í KATTHOLTÍ?

Emil í Kattholti. Fannst hann alltaf mjög skemmtilegur.

RASS EÐA MAGI?

Rassinn. Er rosa lítið fyrir stóra rassa.

**ERTU ÁNÆGD MEÐ ALLAR STÓRIÐJUFRAK-
KVÆMDIRNAR?**

Ég er voða hlutlaus eitthvað, hvað þessa hluti varðar.

JAMIE FOX EÐA BRAD PITT?

Brad Pitt, af þessum tveimur held ég bara.

**EF ÞÚ MÆTTIR VELJA ÞÉR EINN MANN Í
MANNKYNSSÖGUNNI TIL AÐ SOFA HJÁ HVER
YRÐI ÞAÐ?**

Johnny Depp. Það er eitthvað við hann.



**LESTU FYRIR MIG SÍÐASTA SMS- IÐ SEM ÞÚ
FÉKKST OG FRÁ HVERJUM ER ÞAÐ?**

Frá Herdísi vinkonu minni. „Ég verð ekki heima í kvöld.“ Afar merkilegt.



**BÝRÐU YFIR EINHVERJUM SÉRSTÖKUM
HÆFILEIKUM?**

Nei ég bara held ekki. Eða jú ég get gert margt í einu.

HORFA Á VÍDEO EÐA DJAMMA?

Horfa á video. Ég er afskaplega róleg týpa.

**HVERNIG FINNST ÞÉR FÓLK MEÐ
FREKNUR?**

Mér finnst það bara sætt. Það er sérstaða.



**SKIPTIR STÆRD
MÁLI?**

Nei hún skiptir engu máli. Það er persónan og hugurinn sem skiptir máli.

**UPPÁHALDS EUROVISION LAGIÐ
PITT?**

Nína. Það er svo fallegt lag og fallegur texti.

HVAR VARSTU 11. SEPTEMBER 2001?

Ég var bara í skólanum. Það var á fyrsta árinu mínu í fjölbraut.

**FER Í TAUGARNAR Á ÞÉR EF VIN-
KONA ÞÍN EIGI SÆTARI KÆRASTA
EN ÞÚ?**

Nei reyndar ekki. Það hefur aldrei gerst held ég.

**HVAÐA FRÆGU BÖGGARÐU
ALLTAF Á DJAMMINU?**

Ég læt frægt fólk yfirleitt allveg í friði á djamminu.


**BÚÐU TIL SPURNINGU FYRIR NÆSTA VIÐ-
MÆLANDA!**

Í hverju ertu?

SIRKUS MÆLIR EKKI MEÐ



Sirkus mælir ekki með slagsmálum á árshá-tíð. Það er algjör óþarfi að buffa yfirmenn sína að árshátiðinni. Ef menn eru hins vegar eitthvað smá pirraðir út í þá er um að gera að labba aðeins í öxlina á þeim. Bara stuða þá létt en sleppa því að berjja þá.



Sirkus mælir ekki með samlitu bindi við skyrtu. Þannig var tískan á Sportcafé árið 1999 og 2000. Þá voru fjölmargir spaðar í hvítu skyrtu með hvítt bindi og skelfilega ljósabekkjabrúnir. Menn hösluðu víst mikið út á þennan galla þá en Sirkus RVK mælir hins vegar ekki með þessu árið 2006.



Sirkus mælir ekki með kvikmyndinni Crash sen vann óskarsverðlaunin. Er þetta ekki versta kvikmynd sem unnið hefur Óskarin frá upphafi? Sirkus man vart eftir verri mynd en hafa ber í huga að Sirkus hefur aldrei séð kvikmyndina The English Patient og líklega verður ekki breyting á því.

„Það er náttúrulega ekki erfitt að svara þessu,“ segir Þórey Edda Elísdóttir, stangarstökkvari. „Það er kannski soldið sterkt til orða tekið að segja að hann sé hetjan mín en það er Sergei Bubka stangarstökkvari. Það er ekki annað hægt en að líta upp til hans því það vilja allir vera eins og hann í stangarstökki.“ Sergei Bubka er frá Úkraníu og er margfaldur heimsmeistari í stangarstökki. Hann hefur hlotið heimsmeistaratitilinn sex sinnum og sett um 30 heimsmet. „Hann er kóngurinn í stangarstökkvi. Þetta er nafnið sem kemur fyrst upp í huga flestra þegar stangarstökk ber á góma. Hann hefur náð árangri sem enginn hefur komist nálægt því að toppa,“ segir Þórey Edda hreykin af hetju sinni og kollega.



ÞÓREY EDDA ÁSAMT HETJUNNI SINNI – SERGEI BUBKA.

H&N-mynd Sirkusmynd – Úr einkasafni.

4 KÓNGURINN SJÁLFUR

HETJAN MÍN



-25% enn meiri
afsláttur
af heilsársdekkjum

-25%
afsláttur
af vinnu við smur

**Ótrúleg
tilboð**

kíktu við og gerðu góð kaup
á jeppadekkjum

  Vaxtalausar léttgreiðslur!

BÍLKÓ - **Betri verð!**
bilko.is

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | bilko.is | Sími 557-9110

Bíll frá kr. **1.950** á dag*



*Verð er án kílómetragjalds.

HASSO

Car-rental Tel:

555 333 0

Hasso - Ísland, Smiðjuvegur 6, rauð gata sími 555 333 0

STÚLKURNAR SEM TAKA ÞÁTT Í KEPPNINI UM BIKINÍ-MÓDEL ÁRSINS HAFA Í NÓGU AÐ SNÚAST. SÍÐASTA VIKU HEFUR VERIÐ VIÐBURÐARÍK HJÁ DÖMUN-UM SEM HAFU MEÐAL ANNARS TEKIÐ ÞÁTT Í UNDIRFATASÝNINGU Í KRINGL-UNNI, DJAMMAÐ MEÐ MTV-UMBODSMANNI OG VERIÐ Í ENDALAUSUM MYNDA-TÖKUM. ÞÆR BERA SIG VEL ENDA FLESTAR BÚN-AR AÐ LEGGJA MIKIÐ Á SIG TIL AÐ LÍTA EINS VEL ÚT OG RAUN BER VITNI.



ÁSDÍS RÁN TÓK Á MÓTI LYDON UMBODSMANNI KAYNE WEST

GELLUR MEÐ NÓG AÐ GERA



SHANDI SULLIVAN TÓK ÞÁTT

Í AMERICAS NEXT TOP MODEL

Á SÍNUM TÍMA.

HÚN HEIÐRAÐI GELLURNAR MEÐ NÆRVERU SINNI.



ÓSK NORÐFJÖRÐ ER Í FANTAFORMI

OG BER ÞAÐ SANNARLEGA EKKI MEÐ SÉR
AÐ VERA ÞRIGGJA BARNNA MÓÐIR.



LINDA ÝR VAR FLOTT Í BLEIKU.



INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR BAR HVÍTU
UNDIRFÖTIN MEÐ MIKLUM SÓMA.



RAKEL ÝR ER ÓTRÚLEGA

HUGGULEG STÚLKA.

6



STELPURNAR FÓRU Á RÚNTINN Á GULA HUMMERNUM STÓRGLÆSILEGA.



HÓPURINN ER FÖNGULEGUR Í MEIRA LAGI.



SPORT OG BIGFOOT. JÁ ÞEIR VALLI SPORT

OG KIDDI BIGFOOT SÁU UM SÍNA.



ANDREA, HELENA OG ARNA BÁRA

VORU GLÆSILEGAR Á PRAVDA.

BIKINÍMÓDEL ÁRSINS VERÐUR KRÝND Í LOK MARS MÁNAÐAR. SIRKUS RVK KYNNIR KEPPENDURNNA ÁTTA SEM TAKA ÞÁTT. UPPHAFLEGA VORU STELPURNAR TÍU EN VAR SVO FÆKKAÐ FYRR Í ÞESSARI VIKU Í ÁTTA. SIGURVEGARI KEPPNINNAR KEPPIR Í HAWAIIAN TROPIC-KEPPNINI FYRIR ÍSLANDS HÖND.



ANDREA ÝR JÓNSDÓTTIR
FÆDD: 9. ÁGÚST 1987



LINDA ÝR SVEINSDÓTTIR
FÆDD: 11. JANÚAR 1985



ARNA BÁRA KARLSDÓTTIR
FÆDD: 11. NÓVEMBER 1987



INGIBJÖRG EINARSDÓTTIR
FÆDD: 1. MARS 1984

STÚLKURNAR ÁTTA SEM KEPPA UM BIKINÍMÓDEL ÁRSINS



HELENA SVAVA JÓNSDÓTTIR
FÆDD: 15. SEPTEMBER 1985



ÓSK NORDFJÖRÐ
FÆDD: 8. ÁGÚST 1978



RAKEL ÝR BJÖRNSDÓTTIR
FÆDD: 16. JANÚAR 1987



HREFNA HENNÝ VÍKINGUR
FÆDD: 17. APRÍL 1985

KÖRFUBOLTAKONA EKKI KLÁMSTJARNA

TAMARA STOCKS ER NÝJASTI LEIKMAÐUR KVENNALÍÐS GRINDAVÍKUR Í ICELAND EXPRESS-DEILDinni Í KÖRFUBOLTA. ÞRÁTT FYRIR AÐ HAFA ÁTT FARSÆLAN FERIL SEM KÖRFUKNATTLEIKSKONA Í HEIMALANDI SÍNU, BANDARÍKJUNUM, OG VÍÐSVEGAR UM EVRÓPU ER HÚN LÍKLEGA ÞEKKTUST FYRIR AÐ HAFA SETIÐ FYRIR Í SÉRSTAKRI HÁSKÓLAÚTGÁFU Í TÍMARITINU PLAYBOY. HJÖRVAR HAFLIÐASON RÆDDI VIÐ TAMÖRU OG FÉKK HANA TIL AÐ LEIÐRÉTTA ÞANN MISSKILNING AÐ HÚN VÆRI KLÁMSTJARNA EINS OG DÓMSTÓLL GÖTUNNAR HAFÐI KVEÐIÐ Á UM.

TAMARA TEKUR SIG VEL ÚT Í ÍSLENSKRI NÁTTÚRU.





**TAMARA HEFUR KOMIÐ
SÉR VEL FYRIR Í
GRINDAVÍK.**

„ÉG VEIT EKKERT HVORT ÉG MYNDI GERA ÞETTA AFTUR EF MÉR YRÐI BOÐIÐ ÞAÐ. ÉG GET EKKI SVARAÐ ÞVÍ.“

„Ég er alls ekki klámmyndastjarna,“ segir Tamara Stocks, 27 ára og nýjasti meðlimur kvennaliðs Grindavíkur í Iceland Express-deildinni. Tamara sat fyrir í Playboy árið 2001 og varð uppi fóttur og fit þegar heyrðist að þessi gyðja væri á leiðinni til Íslands. Það má merkja á rödd Tamöru að henni leiðist þessi umræða, enda hefur hún fylgt henni allar götur síðan þetta umrædda Playboyblað kom út í septembermánuði árið 2002. Allt út af einni mynd á blaðsíðu 147 – talandi um storm í vatnsglasi.

KÆRASTINN HEIMA

„Ég veit ekkert hvort ég myndi gera þetta aftur ef mér yrði boðið það. Ég get ekki svarað því. En ég er hins vegar orðin þreytt á þessari umræðu og vil helst ekkert tala um þetta,“ segir Tamara um myndina alræmdu. Hún er ein hér á landi. Kærasti hennar býr í Bandaríkjunum en hann spilar körfubolta í CBA-deildinni, sem er næststerkasta deild Bandaríkjanna á eftir NBA.

Tamara er fædd í Atlanta í Georgíufylki í Bandaríkjunum. Á uppvaxtarárunum iðkaði hún nánast allar íþróttir nema knattspymu, sem henni þykir heldur leiðinleg. Pabbi hennar var at-

vinnumaður í körfubolta og því ljóst hvaðan hæfileikar hennar eru komnir. Að loknum menntaskóla (high school) fór Tamara í Flórída-háskóla þar sem hún var ein aðalstjarnan í sterku körfuknattleikslíði skólans.

Tamara, sem leikur sem miðherji eða kraftframherji, var valin af Washington Mystics í nýliðavali WNBA-deildarinnar, sem er atvinnumannadeild körfuknattleikskvenna í Bandaríkjunum. Nánast um leið og hún var valin varð mikið fjaðrafok vegna myndarinnar sem birtist af henni í háskólaútgáfu Playboy, Girls of the SEC. **MYNDIRNAR EKKI AF HENNI**

„Þetta var bara ein mynd sem tekin var í eldhúsinu og það var allt og sumt. Þær myndir sem hafa birst í blöðum og vefsíðum sem eiga að vera af mér eru það alls ekki,“ segir Tamara og vísar til forsiðumyndar DV í síðustu viku þar sem þeldökk stúlka stendur klovvega yfir mótorhjóli. Þær myndir eru ekki af Tamöru og þegar betur er að gáð kemur í ljós að stúlkan er ekki einu sinni lík henni.

Frá því að Tamara hætti að leika í WNBA-deildinni hefur hún farið víða um heim og leikið körfubolta. Hún hefur leikið í Kína, Króatíu, Spáni, Þýskalandi, Grikklandi og nú á Íslandi. „Á vissan hátt var það bara jákvætt að ég fór úr WNBA-deildinni. Því ef ég væri enn föst þar þá væri ég ekki búin að sjá jafn mikið af heiminum eins og ég hef gert nú þegar.“

„ÞETTA VAR BARA EIN MYND SEM TEKIN VAR Í ELDHÚSINU OG ÞAÐ VAR ALLT OG SUMT. ÞÆR MYNDIR SEM HAFU BIRST Í BLÖÐUM OG VEFSÍÐUM SEM EIGA AÐ VERA AF MÉR ERU ÞAÐ ALLS EKKI,“

KÚLTÚRSJOKK Í KÍNA

„Ég hef upplifað ýmislegt á körfuboltaferlinum. Kína var hálfgerð kultúrsjokk. Nánast allt í Kína er öðruvísi en í Bandaríkjunum, en þó leið mér mjög vel þar því fólkíð er ótrúlega vingjarnlegt. Þótt það kynni ekkert í ensku þá reyndi það samt að ræða við mig. Á Spáni leið mér líka mjög vel, það var auðvelt að aðlagast þar því ég tala spænsku,“ segir Tamara sem er menntuð í almannatengslum.

Nú hefurðu farið um nánast allan heim, hvar eru flottustu karlmennirnir? „Ég veit það hreinlega ekki, líklega bara heima í Bandaríkjunum,“ segir Tamara, en hafa ber í huga að hún er aðeins nýkomin til landsins og hefur vart farið út fyrir Grindavík. „En ég get fullyrt að fallegustu konurnar eru í Flórída, það er alveg á hreinu,“ segir körfuknattleikskonan og hikar hvergi.

GRINDAVÍK MEÐ FLOTT LIÐ

Tamara Stocks er 1,88 cm og alveg tággrönn. Hún hefur unnið fyrir sér sem fyrirsæta heima fyrir. Hún er þó ekki eina ofurskutlan í Grindavíkurlíðinu sem berst nú hatrammi baráttu við Keflavík um annað sætið í deildinni, því fyrir í líðinu eru Petrúnella Skúladóttir, Ungfrú Suðurnes árið 2005, og Jovana Lilja Stefánsdóttir, sem einnig tók þátt í þeirri keppni ásamt Petrúnellu.

„Líklega erum við með kynþokkafyllsta líðið,“ segir Tamara og hlær. „En ég spái ekkert í það hvernig ég lít út þegar ég spila. Þegar út á völlinn er komið einbeiti ég mér að því að leika eins vel og ég get en ekki hvort hárið er flott eða ekki. Það má pæla í því eftir leik.“

Hjörvar Hafliðason



**KRAKKARNIR Í
GRINDAVÍK TAKA
KÖRFUBOLTAKON-
UNNI FAGNANDI.**

**Meira um körfubolta-
konur á næstu síðu**



DRAUMALHÐ

SIRKUS RVK

TAMARA STOCKS ER EKKI EINA GLÆSILEGA KÖRFUBOLTAKONAN Í ICELAND EXPRESS DEILD KVENNA. ARAGRÚA FALLEGRA STELPNA ER AÐ FINNA Í DEILDinni. SIRKUS RVK STILLTI UPP SÍNU BYRJUNARLIÐI MEÐ FLOTTUSTU STELPUNUM Í DEILDinni. EN ÞÓ LIÐIÐ SÉ FYRST OG FREMST VALIÐ EFTIR ÚTLITI MYNDI ÞAÐ EFLAUST SÓMA SÉR VEL Í DEILDinni.

LEIKSTJÓRNANDI – RAGNHEIÐUR THEÓDRSDÓTTIR, BREIÐABLIKI

Ein heitasta fyrrsæta landsins Ragnheiður Theódrsdóttir er í hlutverki leikstjórnanda. Ragnheiður er fyrrum unglíngalandsliðmaður, alin upp í unglíngastarfi Keflavíkur, fór þaðan til Hauka en gekk til liðs við Breiðablik í vetur.



SKOTBAKVÖRÐUR – PETRÚNELLA SKÚLADÓTTIR GRINDAVÍK

Núverandi Ungfrú Suðurnes tekur að sjálfsgöðu að sér hlutverk skotbakvarðar. Afskaplega glæsileg stelpa með afskaplega furðulegan skotstíl í víta-skotum.



LÍTILL FRAMHERJI – JOVA LIJJA STEFÁNSDÓTTIR

Tók þátt í Ungfrú Suðurnes líkt og liðsfélagi hennar Petrunella. Er fædd í fyrrum Júgóslavíu. Faðir hennar Milan Stefán Jankovic er einhver mesti harðjaxl sem leikið hefur í íslenskum fótbolta og er eflaus gríðarharður tengdafaðir.



MÍÐHERJI – TAMARA STOCKS GRINDAVÍK

Hávaxin, grónn og glæsileg. Tamara fer inn sem útlendingurinn í lið Sirkuss.



KRAFTFRAMHERJI – MARGRÉT KARA STURLUDÓTTIR, KEFLAVÍK

Margrét Kara er af einhverri mestu ætt Njarðvíkinga sem fyrirfinnst á landinu. Faðir hennar er Sturla Örylgsson en bræður hans eru þeir Gunnar Örylgsson þingmaður og Teitur Örylgsson gangandi körfuboltaþóðsögn. Eftir að meistaraflokkur Njarðvíkur var lagður niður þurfti stelpa að taka þá erfiðu ákvörðun að ganga til liðs við Keflavík. Afskaplega sæt og klárlega ein af huggulegri stelpum deildarinnar. Mikill harðjaxl líkt og pabbi hennar og líður best í miklum áökum undir körfunni.



Arthur

BLUBBS






RISA PLASMI! RISA OPNUN! ROSALEGIR VINNINGAR!



**Sendu SMS skeytið
BT SXR á númerið 1900
og þú gætir unnið!**
Við sendum þér spurningu.
Þú svarar með því að senda
SMS skeytið **BT A, B** eða **C**
á númerið **1900**.

***Aðalvinningur er 50" SONY Plasma sjónvarp
að verðmæti 1.500.000 kr.**

Rosalegir aukavinningar : Panasonic heimabíó • GSM símar • 32" JDTV LCD sjónvarp • PSP
tölvur • SONY myndavélar • TOSHIBA fartölvur • PS2 tölvur • Gjafabréf á Tónlist.is • SONY
MP3 spilarar • MEDION tölvur + 19" skjár • Bíómiðar á myndina Yours, mine and ours •
Kippur af Pepsi • Enn meira af DVD, CD's, VHS, tölvuleikjum og fleirra!



**5. HVER
VINNUR!**



Frumnýnd 10. mars
2 foreldrar, 18 krakkar!
Fjórið er endalaust!

**AÐAL-
VINNINGUR!**

**50"
SONY
Sjónvarp**

1.500.000

*Aðalvinningur verður draginn út úr öllum innsendum SMS skeytum. Vinningar verða afhentir í BT Kringlunni. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið

HVERNIG?


SIRKUS RVK KÍKIR Í HEIMSÓKN

TÝPA Á HEIMA HÉR

SIRKUS RVK STOPPAR EKKERT Í ÞVÍ AÐ KÍKJA Í HEIMSÓKNIR TIL FÓLKS SEM ALLIR ERU FORVITNIR UM. AÐ ÞESSU SINNI ÁKVAÐ SRKUS RVK AÐ KOMA VIÐ HJÁ ÍRISI SÖNGKONU SEM NÚNA NÝTUR LÍFSINS Í FÆÐINGARORLOFI. HÚN BÝR Í HAFNARFIRÐI OG VIÐ ÓSKUM ÞEIM HJÓNUM AÐ SJÁLFSÖGÐU TIL HAMINGJU. ÁLITSGJAFINN AÐ ÞESSU SINNI ER BRYNJA BJÖRK DAGSKRÁRGERÐARKONA OG LÉT HÚN REYNA Á SPÁKONUHÆFILEIKANA.

STOFAN

Hérna er flott listaverk á veggnum og smekkvísir í fyrirrúmi. Greinilega fólk sem hefur ánægju af góðri tónlist því þarna eru góðir hátalarar.



ÞETTA SAGÐI BRYNJA

„Það er nýbúið að taka þaðherbergið í gegn“, segir Íris söngkona. „Við erum búin að búa hér í um 3 ár, ég og kærastinn, ég er Hafnfirðingur þess vegna búum við hér. Ég bjó hérna þegar við kynntumst og hann kom bara til mín, hann bjó upp í Árbæ en er Siglfirðingur,“ segir Íris um búskapinn. „Við erum að mynda okkur stíl, það er svona ljós stíl og við viljum hafa allt frekar einfalt og allt þetta ljósa. Sófinn er nýjasta mublun og lýsir stílnum okkar. Kærastinn hannaði þaðherbergið alveg frá A til Ö, gjörsamlega búinn að snúa því við, ótrúlega flott hjá honum. Þetta hús er byggt 1974 svo þetta var upprunalegt þaðherbergi og þetta er því mjög mikil breyting. Ég féll líka fyrir hverfinu, það er svo rótgróið og fint hverfi hérna í Hafnarfirðinum. Við erum alveg upp við Reykjavíkuregginn en við erum bara bæði þannig gerð að okkur þykir frekar þægilegt að vita af fólki í kringum okkur. Svo er ekkert mikill hávaði af umferðinni nema kannski á álagstímum en þá erum við ekki heima þannig að það er allti lagi,“ segir Íris sem er í fæðingarorlofi og njóta þess.

BORÐSTOFAN

Sæt blóm þarna í glugganum og létt gluggatjöld. Glöðlynd manneskja sem þarna býr.



ELDHÚSIÐ

Girnilegir ávextir þarna í skál. Þessi manneskja hugsar um heilsuna.



SVEFNHERBERGIÐ

Kósý svefnherbergi og auka sett af græjum til að kúra yfir video. Þessi manneskja sem býr þarna er mikil kúrumús sýnist mér.



BADHERBERGIÐ

Þetta er nýttiskulegt og flott þaðherbergi. Snyrtimennskan í fyrirrúmi og flott blöndunartæki. Ég giska á að þarna búi smekkvís ung kona.

Próf smóf!

- ✓ hressari á morgnana
- ✓ skarpari í skólanum
- ✓ öruggari í prófunum

RAUTT EÐAL GINSENG
Þegar reynir á þrek og þol



www.ginseng.is



SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA



SVERRIR STORMSKER LAGAHÖFUNDUR. TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS



TALHÓLF FRÆGA FÓLKSINS...

LÁTIÐ VAÐALINN GANGA

Sverrir Stormsker er með skemmtilega talhólfskveðju.

„Já vel að merkja þetta er náttúrulega sjálfvirkur símsvari en það er akkúrat ekki kjaftur við í þessum merkilega síma eins og sakir standa. En verið alveg gjörsamlega ósmeyk við að láta vaðalinn ganga eftir að pípið heyrst, já, já, já það held ég svei mér þá. Takk.“

Sverrir er einstaklega vel máli farinn einstaklingur og notar orð og orðasambönd sem fæstir nota í daglegu máli. Sverrir er liðlegur í talhólfskveðjunni og sá sem lætur vaðalinn ganga gerir það ósmeykur. Flott hjá Sverri. Eina sem vantar í talhólfskveðjuna er að Sverrir kynni sig. ★★★★★

ODDUR VS HARALDUR

ÞAÐ ER KOMIÐ AÐ ANNARRI UMFERÐ Í ÁTTA MANNA ÚRSLITUM Í SPURNINGAKEPPNI RAUÐHÆRÐRA. NÚ MÆTAST ÞEIR ODDUR EYSTEINN FRÍÐRIKSSON UPPISTANDARI OG HARALDUR ÞÓR HARALDSSON SÖNGVARI Í HLJÓMSVEITINNI PILOTS.



1

1. HVADA ÞEKKTI RAUÐHÆRÐI MAÐUR VAR EINU SINNI NÖRD?

Oddur: Jón Gnarr
Halli Þór: Jón Gnarr



2

2. HVERS LENSER ER NICOLE KIDMAN?

Oddur: Áströlsk
Halli Þór: Hún er frá Bandaríkjunum

3. HVER SKRIFAÐI SÖGURNAR UM LÍNU LANGSOKKI?

Oddur: Asdríð Lindgren
Halli Þór: Asdríð Lindgren

4. HVAD HEITIR RAUÐHÆRÐA LEIKKONAN SEM SLÓ Í GEGN Í FÓSTBRÆÐRUM?

Oddur: Helga Braga
Halli Þór: Helga Braga

5. MED HVADA LIÐI LÉK BJARNI FELIXSON ALLAN SINN FERIL?

Oddur: KR
Halli Þór: Val

6. „KOMDU UPP AÐ TÖFLUNNI HVAD SEM ÞÚ HEITIR, ÞÚ MINNIR Á KÚK OG ÖFGA-SVEITIR“ HVAD SÖNGVARI SÖNG ÞETTA VINSÆLA LAG ÞAR SEM ÞENNA TEXTA ER AÐ FINNA?

Oddur: Er þetta söngvarinn í Súkkat?
Halli Þór: Eiríkur Hauksson

7. HVER STJÓRNADI VINSÆLUM SJÓNVARPSPÁTTUM Á NÍUNDA ÁRATUGNUM SEM KÖLLUÐUST STIKLUR?

Oddur: Veit það ekki
Halli Þór: Ég horfði ekki mikið á sjónvarp á þessum tíma.

8. HVER ER AÐALSÖNGVARI HLJÓMSVEITARINNAR JET BLACK JOE?

Oddur: Páll Rósinkranz
Halli Þór: Páll Rósinkranz

9. HVER VAR ELST Í SPICE GIRLS HLJÓMSVEITINNI?

Oddur: Geri Halliwell
Halli Þór: Geri Halliwell

10. HVER VAR HÖFUNDUR SPURNINGA Í ÞÁTTUNUM POPPPUNKTUR?

Oddur: Dr. Gunní
Halli Þór: Ég man það ekki



4



6



7



LEIÐRÉTTING

Í síðasta tölublaði Sirkuss var tekið viðtal við þrjá stálpaða karlmenn sem léku í hinni ágætu mynd Nýtt líf á sínum tíma. Farið var rangt með nafn einnar sögupersónunnar. Persónan sem Eggert Þorleifsson lék í myndunum var sögð heita Þór Ólafsson. Hinsvegar vita allir sannir aðdáendur Nýs lífs að hann er Þór Magnússon, Daniel félagi hans var Ólafsson. Sirkus biður Þór Magnússon velvirðingar á þessu og það þarf augljóslega að skeina blaðamanninum Hjörvari Hafliðasyni.

SVÖR:

1. Jón Gnarr 2. Áströlsk 3. Asdríð Lindgren 4. Helga Braga 5. KR 6. Eiríkur Hauksson 7. Ómar Ragnarsson 8. Páll Rósinkranz 9. Geri Halliwell 10. Dr. Gunní



Það var grínarinn geðþekki Oddur Eysteinn sem sigraði Halla Þór með átta stigum gegn sex. Hann og Dr. Gunní eru búnir að bóka sinn farseðil í undanúrslitin.

HEIMASÍÐA VIKUNNAR

LÆRÐU AÐ DANSA ONLINE

Heimasíða vikunnar er learntodance.com. Eins og nafn síðunnar segir er um danskennslu ræða en ólíkt flestum danskennslum þá lærir maður sporin á netinu og þarf því ekkert að hreyfa sig frá stólinum. Á síðunni er boðið upp á kennslu í argentínskum tangó, ballet, breakdance, country/western, freestyle, línudans, hip hop, írskan dans, latínó, salsa, swing tap og meira og meira. Nú geta allir lært að dansa án þess að fara út úr húsi og í raun án þess að standa upp. Einnig segir á síðunni að læknar mælist til þess að fólk læri að dansa heilsu sinnar vegn. Því er um að gera að skella sér á learntodance.com og byrja að dansa.




NÚ ER HÆGT AÐ LÆRA AÐ DANSA Á VERALDARVEFNUM



LEARN TODANCE.COM

SIRKUSTVÍFARAR




ALEXANDER ARON, IDOLSTJARNA



HALLGRÍMUR ANDRI, SÉÐ&HEYRT STRÁKUR

Það er fjölmargt líkt með þeim Alexander Aroni, Idolstjörnu og Hallgrími Andra úr Séð&Heyrt og Fazmo. Í fyrsta lagi er það andlitsfallið sem er nánast alveg eins nema Alexander Aron er sex árum eldri og ber það að vissu leyti með sér. Báðir eru þeir helmassaðir og nautsterkir en hvor þeirra er sterkari skal ósagt látið. Hallgrímur er þó talsvert hærri en Alexander sem er um það bil 158 sentimetrar á hæð. Bætum sex árum á Hallgrím Andra og 25 sentimetrum á Alexander Aron og þá höfum við sama manninn.



JOSÉ GONZÁLEZ

& Siggi Ármann
13. mars á NASA við Austurvöll

VIÐTALIÐ ER LEIKRIT SEM VAR FRUMSÝNT Á LAUGARDAGINN VAR Í HAFNARFJARÐARLEIKHÚSINU. VIÐTALIÐ ER EFTIR LAILU MARGRÉTI ARNÞÓRSDÓTTUR OG MARGRÉTI PÉTURSDÓTTUR. MEÐAL LEIKARA ER TINNA HRAFNSDÓTTIR SEM ER EINMITT VIÐMÆLANDI OKKAR AÐ ÞESSU SINNI. ÞAÐ SEM ER EINSTAKT VIÐ VERKIÐ ER AÐ ÞETTA ER SVOKALLAÐ DÖFF-LEIKHÚS SEM ER LEIKHÚS HEYRNARLAUSRA (DÖFF ER HEYRNARLAUS Á TÁKNMÁLI).

HEIMUR HEYRNARLAUSRA ER FLESTUM ÓKUNNUR

„Við frumsýndum núna á laugardaginn og það gekk alveg rosalega vel, við fengum frábærar viðtökur og glimrandi dóma í öllum blöðum,“ segir Tinna Hrafnisdóttir leikkona sem leikur í Viðtalinu. Viðtalið er svokallað döff-leikhús. Í döff-leikhúsi er það skilyrði að minnst einn leikaranna sé heyrnarlaus. Annað skilyrði fyrir því að geta kallað sýningu döff-leikhús er að hún sé aðgengileg heyrnarlausum áhorfendum til jafns við heyrandi áhorfendur. Döff-leikhús hefur einnig þá sérstöðu að vera afar sjónrænt. Góð líkamstjáning er afar mikilvæg og góð lýsing þar sem áhorfendur verða að geta séð hvað sagt er. „Þú þarft ekki að vera tengdur einhverjum sem er döff til að eiga erindi á þessa sýningu. Ég get lofað því að þessi sýning kemur á óvart og vil ég hvetja fólk til að gera sér ferð til Hafnarfjarðar til að sjá öðruvísi leik,“ segir Tinna.

TINNA LEIKUR MEÐ HEYRNARSKERTUM.



TVÆR SEM LEIKUM DÓTTURINA

Þetta er saga um brengluð samskipti eins og þau vilja oft verða milli fólks, hvort sem það heyrir eður ei. Verkið segir frá sambandi móður og dóttur. „Við erum tvær sem leikum dótturina, ég og Elsa Guðbjörg, ég er talandi heimurinn en hún er táknaðsheimurinn,“ segir Tinna sem lauk námi við Leiklistarskóla Íslands vorið 2002. „Þetta var skemmtileg reynsla, að fá að verða vitni að stofnun Listaháskólans í miðju námi og upplifa allar þær breytingar sem því fylgdu. Í dag er ég, meðfram leiklistinni, í MBA námi við Háskólann í

Reykjavík. Það er annars konar reynsla en mér afar kærkomin og hagnýt einmitt innan listageirans,“ segir Tinna Hrafnisdóttir aðspurð um námið.

DEILUM SÖMU TILFINNINGUM

„Það er brýn nauðsyn að vekja athygli á þessu málefni og því fannst mér virkilega spennandi að takast á við það. Heimur heyrnarlausra er flestum algjörlega óþekktur og fyrir mig að fá að kynnast lífi og aðstæðum þessa fólks á þennan hátt í gegnum leikhúsfornið eru forréttindi og dýrmæt reynsla. Það er hreint ótrúlegt hvað þetta fólk hefur þurft að þola mikla einangrun í samfélaginu og tími til

kominn að saga þess sé sögð,“ segir Tinna ákveðin.

FALLEGT TUNGUMÁL SEM GAMAN ER AÐ LÆRA

„Einu kynni mín í raun af heyrnarlausu fólki eru Elsa og Bettý sem eru með mér í sýningunni. En sambylísmáður minn á litla dóttur sem er heyrnarskert og í dag læra öll heyrnarskert börn táknað,“ segir Tinna sem sjálf er farin að læra táknað. „Við höfum því bæði tekið okkar fyrsta námskeið, Táknað 1, sem er aðeins byrjunin á því ferli. Mér finnst þetta fallegt tungumál og gríðarlega gaman að læra það,“ segir Tinna. „Ég fékk mikið af upplýsingum um heim heyrnarlausra frá handritshöfundinum, Lailu Margrétu Arnþórsdóttur, og leikstjóranum, Margrétu Pétursdóttur.“

NÝ ÍSLENSK BÍÓMYND

Annars er nóg að gera hjá Tinnu þessa dagana en hún landaði á dögnum aðalhlutverki í bíómynd sem verður tekin upp í haust.

„Myndin heitir Veðramót og er í leikstjórn Guðrúnar Halldórsdóttur. Ég hlakka mikið til að takast á við það stóra verkefni,“ segir Tinna kampakát að lokum.

SEJ

TINNA HRAFNSDÓTTIR HEFUR Í NÓGU AÐ SNÚAST. HÚN MUN LEIKA AÐALHLUTVERKI Í ÍSLENSKRI BÍÓMYND SEM VERÐUR TEKIN UPP Í HAUST.

SIRKUSMYND - E. Ó.

MERKI Á MERKI OFAN

KRON KRON OPNAR Á NÝJUM STAÐ



BJARNI EINARSSON
LJÓSMYNDARI OG
KVIKMYNDAGERÐAR-
MAÐUR.

„Þetta mun gerast á laugardaginn,“ segir Stefán Svan PR maður og fatahönnuður um verslunina Kron kron sem opnar á nýjum stað á laugardaginn. Í búðinni verður Bjarni Einarsson með ljósmyndasýninguna „Trust me I'm a part of you“. „Síðan ætla strákarnir í hljómsveitinni Ta! ta! að sjá um tónlistina. Þetta eru þrír strákar og þeir hafa spilað á Sirkus og víðar,“ segir Stefán Svan sem er að vonum spennur. „Við ætlum að vera með Vivienne Westwood sem er alveg glænýtt merki hjá okkur en svo verðum við að sjálf-sögðu með nýtt frá Wood Wood, Henrik Vibskov, KTZ, Marjan Pejovski, Roksanda Ilincic, Aganovich and Yung og margt fleira.“ Búðin er í mun stærra húsnæði núna og er á Laugavegi 63b og nær niður eftir Vitastíg.

STEFÁN SVAN
FATAHÖNNUÐUR.



ÓKINDIN ÞRÓAST OG ÞROSKAST

HLJÓMSVEITIN ÓKIND HEFUR SENT FRÁ SÉR
AÐRA BREIÐSKÍFU SÍNA.

HLJÓMSVEITIN ÓKIND ER
AÐ GEFA ÚT NÝJAN DISK
SEM HEITIR HVAR Í
HVERGILANDI. ÓKIND
LENTI Í ÖÐRU SÆTI MÚS-
ÍKTILRAUNA ÁRIÐ 2002
AUK ÞESS SEM HÚN ÞÓTTI
EIGA BESTA BASSALEIKAR-
ANN. SÍÐAN ÞÁ HEFUR
KOMIÐ ÚT BREIÐSKÍFAN
HEIMSENDI 18, SEM ER NÚ
ÓFÁANLEG.

H&N-mynd Sirkusmynd - E. Ól.

„Nýi diskurinn er kominn út, hann á að vera kominn í dreifingu í dag, þetta er allt í vinnslu,“ segir Ingi Einar Jóhannesson, gítarleikari í hljómsveitinni Ókind. Sirkus RVK sló á þráðinn til hans daginn sem diskurinn kom út. Hann var að vonum hinn hressasti.

ÞROSKAÐRI OG HREINNI

Hljómsveitin Ókind samanstendur af fjórum stráklingum, þeim Ólafi trommuleikara, Birgi bassa, Inga sem spilar á gítar, og Steingrími sem spilar á talfæri og hljómborð. Platan, heitir Hvar í Hvergilandi, er víst metnaðarfull

rokkplata, samin, spiluð, tekin upp og gefin út af hljómsveit sem hefur lengi lifað og hræst í grasrótinni og kys að gera hlutina upp á eigin spýtur. Þeir eru búnir að vera að spila saman í um sex ár og halda áfram út í gegn. Fyrstu plötu sína gáfu þeir út árið 2003 og hét hún Heimsendi 18. „Það er miklu meiri þróun sem er búin að eiga sér stað á Hvar í Hvergilandi en á fyrri disknum, við gáfum út fyrsta diskinn árið 2003 og síðan hefur mikið vatn runnið til sjávar. Þessi plata sýnir aðallega þroska, diskurinn er miklu hreinni og við erum aðeins að róa okkur niður,“ segir Ingi Einar um plötuna.

SPILA NÆST Á GRAND ROKK

„Nafnið á disknum kom af því okkur fannst þetta svo kúl nafn,“ segir Ingi. „En svona í alvöru, þá var það aðallega í tengslum við „konseftið“ á umslaginu, nafnið tengist því. Við erum búnir að halda útgáfutónleikana, héldum þá á fimmtudaginn í þar síðustu viku, af því að Hvar í Hvergilandi átti að vera kominn út, en svo seinkaði þessu auðvitað.“

Nú er platan loksins kominn út og því nóg framundan hjá strákunum, sem verða einmitt með tónleika á Grand Rokk 18. mars.

SEJ

ÚTLAGINN

ÍSLENDINGUR ÚTI Í HEMI

HENRIK Á ÞAÐ TIL AÐ VERÐA EIN-
MANA Í AMSTERDAM.



HVAÐ HEITIRÐU?

Henrik Linnet.

HVAR ERTU?

Amsterdam, Hollandi.

AF HVERJU?

Er í námi.

HEIMILISAÐSTÆÐUR?

Ég bý í stóru húsi með fjórum stelpum. Ég er með stofu og herbergi (kannski 30-35 fermetrar) með séringngangi, síðan deilum við eldhúsi og baði saman.

DAGUR Í LÍFI ÞÍNU?

Ekki voðalega spennandi... vakna, fer í skólann, spjalla við kennara, fer heim, vinn að prójektunum mínum, dett kannski á barinn ef það er stemmari.

KOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í HOLLANDI?

Mjög chillað og ódyrt.

ÓKOSTIR ÞESS AÐ BÚA Í HOLLANDI?

Kemst ekki á KB [Kaffibarinn].

HVERS SAKNARÐU AÐ HEIMAN?

Fjölskyldan og vinirnir, maður verður stundum lónlí.

UPPÁHALDSSTAÐUR Í HOLLANDI?

Enginn sérstakur, kannski Vondelpark á sumrin, það er næs.

ÍSLENDINGAR ERU...

Í kapphlaupi.

HOLLENDINGAR ERU...

Með gel í hárinu.

EIN MANNESKJA SEM ÞÚ BIÐUR AÐ HEILSA:

Daði bróðir, hann er bestur.



HENNI Í FULLU FJÖRI MEÐ VINI
SÍNUM Í AMSTERDAM.

AMERIKANARAR STÚRA FYRI BORGARAKRÍGGI Í IRAK

HARÐSKAPURIN
Í IRAK FER AT
ENDA VIÐ EINUM
VERULIGUM
BORGARAKRÍGGI.



FÆREYSKA FRÉTTIN


H&N-mynd Sirkus myndir - Nordlic photos / Gettyimages

80 prosent av amerikanska fólkinum vænta, at það endar við borgarakríggi í Irak.

Teir flestu amerikanararnir vænta, at harðskapurinn í Irak fer at enda við einum veruligum borgarakríggi.

Í einari kanning, sum ABC News og Washington Post hava latið gera, siga 80 prosent av teimum spurdu, at tey vænta borgarakríggj. Kanningin vísir, at 70 prosent av teimum republikonsku veljarunum og 80 prosent av teimum demokratisku veljarunum hava ta uppfatanina av gongdini í Irak.

65 prosent halda, at George W. Bush, forseti, hefur onga ætlan um, hvat skal henda í Irak, og 59 prosent siga, at forsetin hefur ikki handfarið Irak-málið nóg væl.



65 PROSENT HALDA, AT GE-
ORGE W. BUSH, FORSETI,
HEVUR ONGA ÆTLAN UM,
HVAT SKAL HENDA Í IRAK.

17

FYRSTA VERK JÖKULS JAKOBSSONAR AFTUR

HALALEIKHÓPURINN SAMANSTENDUR AF FÖTLUÐUM EINSTAKLINGUM OG FÉLÖGUM ÞEIRRA. UM HELGINA FRUMSÝNIR LEIKHÓPURINN VERKIÐ PÓKÓK SEM ER FYRSTA VERK OKKAR ÁSTSÆLASTA LEIKSKÁLDS.

Á SVIÐ



„Þetta er gamanleikur og fjallar um glæpamann sem var að losna út af Hrauninu og kunningja hans sem er fyrrverandi efnafræðingur,“ segir Vilhjálmur Hjálmarsson leikstjóri verksins Pókók sem Halaleikhópurinn frumsýnir á morgun í leikhúsi Halaleikhópsins að Hátúni 12. Verkið er skrifað árið 1961 af Jökli Jakobssyni og var þetta fyrsta verkið sem hann skrifaði.

BÓNUS, BJÖRGÓLFUR OG EITURLYF

„Það er skondið að þetta var skrifað 1961 því þetta gæti alveg hafa verið skrifað núna á síðustu tveimur árum. Þetta er bara Bónus, Björgólfur og eiturlyf, allt saman í einu,“ segir Vilhjálmur um verkið. „Þeir vinirnir ætla að gerast heiðarlegir bisnessmenn eða glæpamenn öllu heldur. Óli sprengur ætla að markaðssetja það sem efnafræðingurinn Emanúel hefur verið að þróa. Þetta er seltgæti sem heitir Pókók og er unnið úr mýrgrasi. Þá vantar fjármagn og fá það hjá þessum ríka sem á bróður á þingi,“ segir Vilhjálmur um söguþráðinn í verkinu. „Þeir fara svo að framleiða þetta í skúr í vesturbænum og gengur svo vel að fjármagnarinn sér sér leik á borði og stelur frá fyrirtækinu. Þá kemur í ljós að þeir sem éta Pókók, sérstaklega börn, fara yfir á frumstig og enda á því að jarma og verða grænir í framan.“

HALALEIKHÓPURINN ER DÚNDURLIÐ

Halaleikhópurinn er leikhópur, leiklist fyrir alla, uppistaðan eru fatlaðir einstaklingar og fólk því tengt. Halaleikhópurinn hefur opnað nýja „vídd“ í starfi leikhópa, þar sem fengist er við leiklist á forsendum hvers og eins. Fötlun er eitthvað sem gleymist í þessu áhugaleikfélagi. „Skortur á hefðbundinni fötlun er engin fyrirstaða fyrir þátttöku, þetta er alltaf mjög blandaður hópur. Þetta er dúndurlíð bæði úr gamla genginu sem og fólk út í bæ,“ segir Vilhjálmur sem er að vonum spennur fyrir frumsýningunni. Það er mikill kraftur í þessum hóp svo það borgar sig að kíkja og njóta vel.

SEJ



HALALEIKHÓPURINN VERÐUR Í STUÐI UM HELGINA ÞEGAR HANN FRUMSÝNIR VERKIÐ PÓKÓK.

LÁRA RÚNARSDÓTTIR OPNAR KISTUNA FYRIR SIRKUS

NÝI PLÖTUSPILARINN OG GÖMLU GEISLADISKARNIR

„Geisladiskar og plötur eru mitt líf og yndi,“ segir Lára Rúnarasdóttir tónlistarkona sem leyfir Sirkus að skoða nokkra af hennar uppáhaldsmunum. „Plötur og diskar urðu fyrir valinu hjá mér af því það er það eina sem ég eyði peningum í fyrir utan einstaka fót. Ég vinn í plötubúð og flest sem ég geri tengist tónlist. Ég er tiltölulega nýbúin að fá mér plötuspilara svo ég á meira af geisladiskum en plötum,“ segir Lára. Tónlistarsmekkur Láru hefur tekið talsverð-



ISOBEL CAMPBELL ER Í MIKLU UPPÁHALDI HJÁ LÁRU.

um breytingum frá því hún var á unglingsárunum. „Þegar ég var 15 ára hlustaði ég á WuTang og Celiné Dion til skiptist, ágætisblanda,“ segir Lára og hlær. „En núna er ég að hlusta á nýja diskinn með Belle & Sebastian, hann er sæmilegur. Svo er ég líka að hlusta á Bonny Prince Billy og Ílka plötu með Mark Lanigan. Á henni er Isobel Campbell sem var í Bella Sebastian að syngja, ég mæli með henni,“ segir Lára kampakát með sitt tónlistarkonfekt.



H&N-mynd Sirkusmynd - E.Ól.

KOMDU OG SKOÐAÐU Í KISTUNA MÍNA

Nicotinell®

Gott bragð til að hætta að reykja!



**Reyklaus
með Nicotinell**

TÓNLISTARMAÐURINN JOSÉ GONZALES ER Á LEIÐinni TIL LANDSINS TIL AÐ SPILA Á TÓNLEIKUM Á NASA Á MÁNUDAGSKVÖLDIÐ. HANN KOM HINGAÐ TIL LANDS OG SPILAÐI Á ICELAND AIRWAVES Í HAUST EN ÞÁ KOMUST FÆRRI AÐ EN VILDU. HANN HEFUR NOTIÐ VELGENGNI VÍÐA UM HEIM OG TÓNLIST HANS VERIÐ SPILUÐ Í O.C.



JOSÉ GONZALES ER HEITUR GAUR.

SUÐRÆNN, SEIÐANDI OG EINHLEYPUR Á ÍSLANDI



„Þetta er það sem ég geri, ég leik músík fyrir áhorfendur,“ segir José Gonzales aðspurður hvers vegna hann ákvað að snúa aftur hingað til lands og leika á tónleikum á Nasa. Hann spilaði á Iceland airwaves í haust. „Þetta var á litlum stað síðast en núna hafa fleiri möguleika á að koma.“

HORFIR HVORKI Á O.C. NÉ CSI

José Gonzales gaf út sína fyrstu og einu breiðskífu í Svíþjóð árið 2003. Hann lifir enn á þeirri plötu sem ber heitið Veneer og kom út í Bretlandi fyrir skemmstu. Þar hefur hún verið geysivinsæl sem og í Bandaríkjunum. Lög af plötunni hafa verið leikin í þáttaröðinni O.C. og einnig hjá meistara Grissom í CSI.

Horfirðu á O.C.?

„Nei,“ segir José og hlær. „Ég hef bara séð nokkrar mínútur af þættinum. Það eru aðrir þættir sem ég hef meira gaman af.“

En CSI?

„Nei. Var tónlistin mín þar? Ég vissi það ekki.“

MEIRI SVÍI EN ARGENTÍNAMAÐUR

José er yfirleitt einn á sviði með gítarinn. Hann á von á að þannig verði það einnig þegar hann kemur fram á Nasa. „Kannski verð ég með slagverk og bakraddir, annars verð ég einn.“

Þér líður best einn á sviði með gítarinn.

„Já, þannig eru lögin samín. Mér finnst gaman að hafa slagverk og bakraddir en ekki fyrir öll lögin,“ segir José, sem þykir lipur gítarleikari. „Ég var um 14 ára þegar ég byrjaði að spila. Ég lærði undirstöðuatriðin sjálfur. Síðan fór ég að læra hjá einkakennara og lærði þar að spila klassík. Var hjá honum í þrjú til fjögur ár, einu sinni í viku. Við spiluum aðallega spænska klassík en líka smá Bach,“ segir José. Spænska klassíkin hefur átt vel við José sem á argentíska foreldra, en hann hefur alltaf búið í Gautaborg ásamt foreldrum sínum. Faðir hans er farinn aftur til Argentínu en móðir hans og systkini eru enn í Gautaborg. José segist vera meiri Svíi en Argentínamaður þó svo hann tali spænsku við fjölskyldu sína.

Á LAUSU TIL ÍSLANDS

Eftir að José hefur leikið á tónleikum hér á landi þarf hann að bruna upp í flugvél sem mun ferja hann til Bandaríkjanna. Hann mun spila á hátíðinni South by Southwest í Texas og eftir það ætlar að hann túra um Bandaríkin.

Ekkert hræddur um að fá heimprá?

„Jú, reyndar er ég það. Nú verð ég í burtu í þrjár vikur. Svo kem ég heim og fer aftur og verð í fjórar vikur. En ég verð með vinum mínum þannig að þetta verður eitthvað skár,“ segir José. Hann viðurkennir að hann muni sakna fjölskyldunnar, en enga á hann kærustuna til þess að sakna.

Nú? Þannig að íslensku stelpurnar mega gera sitt besta?

„Já, alveg eins, þær þurfa bara að senda mér mynd á Myspace,“ segir José og hlær. „Ég hitti engar stelpur þegar ég var hérna síðast þannig að ég get ekki dæmt um ágæti íslenskra kvenna. Þær eru flott klæddar. Það er ótrúlegt hvað Íslendingar eru með á nótunum í tísku og menningu.“

Þannig að stelpurnar eru flott klæddar en ekkert fallegar?

„Jú, mér líkaði útlitið líka,“ segir José og hlær. Hann stoppar hér aðeins í einn dag þannig að stelpurnar þurfa að hafa hraðann á ef þær ætla að krækja sér í sænsk/argentískan unað.

SHS

KANNAR ÁHUGA ERLENDRA AÐILA

SIGGI ÁRMANN HITAR UPP FYRIR JOSÉ GONZALES OG MUN HEYRA TÓNLIST HANS Í FYRSTA SINN SAMA KVÖLD.

„Jú, ég verð í banastuði á sviðinu,“ segir tónlistarmaðurinn Soggi Ármann sem kemur til með að hita upp fyrir José Gonzales á sviðinu á Nasa á tónleikum á mánudagskvöldið. „Ég verð með lög af plötunni Music for addicted sem ég gaf út fyrir skemmstu. Svo verð ég með einhver ný lög,“ segir Soggi. Hann lumar á tveimur nýjum gullmolum sem tónleikagestir fá að heyra á mánudagskvöldið.

Hefurðu eitthvað hlustað á José Gonzales?

„Nei ekki neitt ennþá en ég hlakka til að heyra í honum. Ég var bara beðinn um að koma og spila og auðvitað sló ég til,“ segir Soggi.

Annars er það að fréttu af Sigga að hann hefur haldið sig innan dyra og samið nýtt efni að undanfögnu. Þess á milli hefur hann verið að kanna áhuga erlendra aðila á tónlist sinni, sem ku vera þó nokkur. Enda hefur platan hlotið frábæra dóma hér á landi og fengið heilan Karlsvagn af stjörnum í hverjum fjölmiðlinum á fætur öðrum.

SHS



SIGGI ÁRMANN HITAR UPP FYRIR JOSÉ GONZALES

SIRUSKJÖND - VILHELM

Big Bacon Barbeque



BBB
BigBaconBarbeque



i'm lovin' it

rokk og rósir



ROKK OG RÓSIR, ELÍSABET ER Í STÍGVÉLUM Á 8.900, BOLUR 5.900 OG BELTI 2.900.



ROKK OG RÓSIR, ELÍSABET ER HÉR Í KJÓL Á 6.200 OG BELTI SEM KOSTAR 2.900.



NAKED APE, ÁSA ER HÉR Í PEYSU SEM ER HÖNNUN SÖRU OG KOSTAR 9.900 KR.

ÞÁÐ ÞESSU SINNI FÓR SIRKUS RVK Á RÖLTÍÐ Í 101, ÞAR SEM ALLT ER AÐ GERAST. VIÐ FÓRUM Í NOKKRAR BÚÐIR Í MIÐBORGinni OG LITUM Á HVAD ER AÐ GERAST Í TÍSKUHEIMINUM Í DAG. ÚRVALIÐ VAR EKKI AF VERRI ENDANUM OG TÓK VERSLUNARFÓLKIÐ MÁLIN Í SÍNAR HENDUR. VIÐ FENGUM AÐ NJÓTA GÓÐS ÚRVALS OG AÐ SJÁLFSÖGÐU GÓÐS VIÐMÓTS. ÞAÐ ER EKKI BARA SJARMINN SEM HEILLAR MANN, HELDUR ER BÆRINN UPPFULLUR AF LÍFI OG FJÓRI. LEGGIÐ BÍLNUM OG NJÓTIÐ ÞESS AÐ RÖLTA, SKOÐA Í BÚÐARGLUGGA OG SETJAST INN Á EITTHVERT KAFFIHÚSIÐ.



ONI, LÓA ER Í KJÓL Á 6.900 OG MEÐ PERLUFESTI Á 1.590.

BÚÐIR Í BORGinni


ONI, LÓA ER HÉR Í BOL Á 5.900
KR. BUXUM Á 5.900 OG
PERLUFESTIN KOSTAR 1.590.



SKARTHÚSIÐ
HÉR ER SÓLRÚN
Í KJÓL Á 3.990,
MEÐ PERLU-
FESTI Á 990,
HÁRSPÖNG Á
290 KR. OG
BELTI Á 1.490.



SKARTHÚSIÐ, SÓLRÚN ER Í BOL Á 2.490 KR.,
BUXUM Á 3.990, MEÐ HÁRSPÖNG Á 340 KR. OG



NAKED APE-
TOLLI KLÆDIST
PEYSU SEM ER
HÖNNUN SÖRU Á
9.900 KR.

23



SÍÐARI HLUTA ÁRSINS 2003 VARÐ HINN ÍTALSKI ANTONIO MARRAS NÝR LISTRÆNN STJÓRNANDI FYRIR KENZO. HANN HÉLT SÍNA FYRSTU SÝNINGU FYRIR KENZO Í PARÍS Á TÍSKUVIKUNNI Í MARS ÁRIÐ 2004. ANTONIO MARRAS ER ÞEKKTUR FYRIR LISTRÆNA OG FRUMLEGA LEIKMYND SEM GEFUR SÝNINGUNUM HANS SKEMMTILEGAN SVIP SEM SEINT GLEYMIST. AÐ FARA Á SÝNINGU HJÁ HONUM ER Í BLAND VIÐ ÞÁ UPPLIFUN AÐ FARA Á LEIKSÝNINGU SEM OG LISTSÝNINGU. HÉR MÁ SJÁ NOKKUR AUGNAKONFEKT SEM MARRAS HEFUR SKAÐAÐ.



AÐVINTÝRI LÍKAST



ÍTALSKI HÖNNUÐURINN ANTONIO MARRAS HNEIGIR SIG OG BEYGIR EFTIR VEL HEPPNAÐA SÝNINGU Á KENZO VOR OG SUMAR 2005 READY TO WEAR.



TYGUR PATAAL

MEÐ
AUDDA

LEIKSTJÓRN: SIGGI SIGURJÓNS



NASA VIÐ AUSTURVÖLL

FORSALA ER HAFIN Í VERSLUNUM
SKÍFUNNAR OG Á midi.is

ÞAÐ BESTA HJÁ SÍRKUSFJÖLSKYLDUNNI



Nú fer að breyta á að sjónvarpsstöðin Sirkus kynni vídeóbloggstjörnunna. Tvö hundruð manna hafa nú þegar sótt um og



samkvæmt heimildum Sirkus RVK eru það pör, hópar og einstaklingar, allt í senn. Form umsækjenda er ekki einungis fjölbreytilegt heldur eru þjóðfélagshóparnir sem sóttu um ansi skrautlegir. Í hópi umsækjenda eru grunnskólanemar upp í háskólanema. Atvinnulausir, ruslakarlar, kennarar og deildarstjórar sóttu um – það er allur skalinn.

Þá voru mjög fáir sem sendu inn umsóknir sem þurfti að henda eða voru hrekkir frá vinum og vandamönnum. Að vísu voru inn á milli pör og hópar sem vildu ganga mun lengra en sjónvarpsstöðin Sirkus myndi nokkurn tímann leyfa. Umsóknarfrestur var til 1. mars. Að sögn Guðmundar Arnars, kynningarstjóra Sirkuss, er verið að vinna úr umsóknunum og á allra næstu dögum verður vídeóbloggstjarna Íslands kynnt til sögunnar.

BREAK KEMUR ALLTAF AFTUR

Krakkarnir á FM 957 deya ekki ráðalausir hvað varðar leiki og önnur skemmtileg uppátæki. Heiðar Austmann stóð á dögnum fyrir skemmtilegum leik um ljótasta skóparið og hver sem vildi gat komið með par sem honum þótti vera það ljótasta sem til væri. Sá hinn sami átti kost á því að vinna til glæsilegra vinninga. FM 957 hefur fundið vinningshafa í skemmtilega leiknum sínum um ljótasta parið. Sú sem datt í lukkupottinn heitir Lísu Dröfn og hún vann 40.000 króna inngjöld í verslunum Skór.is, en sú verslun var í samstarfi við FM 957 í leiknum góða. Um 300 pör bárust í keppnina og var valið nokkuð erfitt, en að lokum voru það skórnir hennar Lísu sem höfðu vinninginn. Til hamingju með ljótu skóna, Lísa.



KALLI, LELLI OG GUNNI EWOK FARA HANFÖRUM Á HVERJU MIÐVIKUDAGSKVÖLDI.




H&N-mynd Sirkusmynd – Valli

KÓSÍ MEÐ RIKKA G.



„Þátturinn er í anda róleg og rómantískt sem var á FM 957 á sínum tíma og kannski svona í bland við Heitt og sætt sem var virkilega vinsæll þáttur líka,“ segir Rikki G., dagskrárgerðarmaður á FM 957, en hann er með þáttinn Kósí alla fimmtudaga frá 22.00 til 02.00. „Við erum að spila þessi rólegu sígildu lög í bland við nýja tónlist. Fólk gefst tækifæri til að hringja inn og biðja um óskalög og skila inn ástarkveðjum. Það má segja að það færast ákveðin ró yfir stöðina eftir allt „aksjónið“ yfir daginn. Þátturinn er búinn að steinleggja síðan þetta byrjaði, þetta er búin að vera í gangi í þrjú mánuði og gengur rosalega vel. Fólk hringir inn, skilar kveðjum og er að senda mér meil og annað. Ég fæ ýmsar spurningar hvað varðar ástarleiki, deit og annað slíkt. Þá er fólk að spyrjast fyrir um hvernig það eigi að fóta sig í rómantíkinni, hvernig það eigi að heilla ástina sína og svo fáum við hjálp frá hlustendum. Svo er tónlistin róleg og þægileg,“ segir Rikki G., kósí á því.



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Nine Inch Nails	Every Day Is Exactly ...
2.	Fræ	Fréinn Fáviti
3.	System Of A Down	Lonely Day
4.	Richard Ashcroft	Break The Night With ...
5.	Dead Sea Apple	Bearer Of Bad News
6.	Ampop	Clown
7.	Bullet For My Valentine	All These Things I Hate
8.	Future Future	Code Civil
9.	The Darkness –	Is It Just Me
10.	Avenged Sevenfold	Beast And The Harlot
11.	Jeff Who	Barfly
12.	Wulfgang	Machinery
13.	Strokes	Heart In A Cage
14.	10 Years	Wasteland
15.	Númer Núll	Smáborgin
16.	Dr Mister & Mr Handsome	Boogie Woogie ...
17.	Danko Jones	Forget My Name
18.	Fall Out Boy	Dance, Dance
19.	Úlpa	Sexy Dick

FRÆ ER AÐ GERA GÓÐA HLUTI OG HEFUR KOMIÐ SÉR FYRIR Í 2. SÆTI LISTANS.



SÆTI	FLYTJANDI	LAG
1.	Silvía Nótt	Til Hamingju Ísland
2.	Mary J. Blidge	One
3.	Cascada	Everytime We Touch
4.	Eminem / Nate Dogg	Shake That
5.	Stained	Right Here
6.	All American Reject	Dirty Little Secret
7.	Kelly Clarkson	Gone
8.	Lee Ryan	When I Think Of You
9.	Click Five	atch Your Wave
10.	Gwen Stefani	Crash
11.	Craig David	Unbelievable
12.	Daniel Powder	Free Loop
13.	Dr. Mister & Mr. Handsome	Kokaloca
14.	Pink	Stupid Girl
15.	Neyo –	So Sick
16.	Pussycat Dolls	Beep
17.	Lifeshouse –	Blind
18.	White Stripes	My Doorbell
19.	Ampop –	My Dullusions
20.	Kelly Clarkson	Walk Away

SILVÍA NÓTT SITUR SEM FASTAST Á TOPPI LISTANS



Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

SKEMMTIÐIR

FÖSTUDAGUR 10. MARS

VEGAMÓT

Það er alltaf stuð og standpína á Vegamótum, þar er hægt að dansa, daðra og að sjálfsgöðu drekka sig sóttsvarta á meðan Dj Kári sér um danstónlist í gæðaflokki.

DILLON

Hér hefst kvöldið hjá alvöru fólki því Noise og Perfect Disorder er að stíga á stökk. Sirkus RVK ábyrgist magnaða stemningu og því er um að gera að kíkja og njóta kvöldsins.



HVERFISBARINN

Á föstudagskvöldið mun svo Dj Bjarki Batman sjá um geislaann, en hann hefur stundum verið að spila með Kidda Bigfoot á barnum sem kemur manni í dansgírinn.



KRINGLUKRÁIN

Hinn eini sanni Geirmundur Valtýsson og hljómsveit mætir til höfuðborgarinnar í öllu sínu veldi og skemmtir gestum Kringlukrárinnar í kvöld og á morgun.

CAFÉ VIKTOR

IDOL-partí kvöld. Fleiri og fleiri mæta til að fylgjast með og missa ekki af mínútu af þættinum. Risaskjár á Victor fyrir alla, komdu og náðu bestu sætunum. Dj Stef (Gunnir Afro) réttir svo alla við um miðnættið, þannig að ekkert mál verður að endast fram undir morgun.

GRAND ROKK

PUB Quiz á sínum stað eins og alltaf klukkan 17.30, vertu maður með mönnum og mættu í slaginn.

GAUKURINN

Tónleikar með hljómsveitinni Brain police og hefur þeirra verið beðið með mikilli eftirvæntingu. Er sveitin búin að vera á stífum æfingum og má því búast við þeim í feikna formi og alveg helpéttum.

PRAVDA

Tuborgkvöld eins og það gerist best. Kjartan trúbador stígur á svið en svo taka Dj Áki Pain og Dj Jón Gestur við og skipta húsinu á milli sín frá miðnætti. Flöskuhelbergið opnar kl. 24.

BAR 11

Tónleikar með El Rodeo, Gavin Portland og Blind Site frá 22-24 og svo tekur Dj Gulli í Ósóma við. Dansið þar til yfir lýkur og engan slappleika, takk fyrir, góðan daginn.

HRESSÓ

Hljómsveitin VAX spilar frá 22 til 01. Þessi hljómsveit er hin besta en að sjálfsgöðu verður ekki stoppað hér heldur tekur Dj Johnny Nasty við og heldur uppi taktfastri danstónlist þar til yfir lýkur.



KLÚBBURINN

Það borgar sig að fara út meðal fólks og hlusta á Halla og Kalla sem koma sífellt á óvart og kítla hláturstaugarnar.

LAUGARDAGUR 11. MARS



BAR 11

Curver verður með rokkabilly og surf-stemningu langt fram eftir morgni. Svo tökum höndum saman og dönsu af okkur rassgatið við tónlistarkokteil sem er okkur Sirkusmönnum til mikils sóma.

HVERFISBARINN

Á laugardagskvöldið mun svo Dj STEF trylla dansgólfið eins og honum einum er lagið, hann kemur öllum í rétta gírinn.

KRINGLUKRÁIN

Hinn eini sanni Geirmundur Valtýsson ásamt hljómsveit tekur sveifluna og syngur fyrir gesti og gangandi langt fram eftir nóttu um helgina á Kringlukránni

PRAVDA

Laugardagurinn stendur fyrir sínu og mun ekki klikka á stemningunni. Húsið opnar kl. 22 og Dj Áki Pain verður heitur á efri hæðinni og Dj Maggi á neðri eftir miðnætti.



GAUKURINN

Hér verður spikfeitt Hip hop djamm á Gauknum og búast má við alvöru klubbastemningu, því fram koma Þörupiltar, Ram-ses, Hoochie, Eftirspurn, 7berg. Til að halda fjörinu í hámarki spila Dj Ace og Dj Frigor á milli atriða. Húsið opnar kl. 23 og þúsundkall kostar miðinn sem eingöngu er seldur við inn-ganginn.

GRAND ROKK

Það vantar ekki almennilegheitin á þessum bar, það verða tvær hljómsveitir sem spila í kvöld. ÚLPA og BOB sjá um fjörið og hefjast herlegheitin klukkan 23 og kostar fimmhundraðkallinn inn.

CAFÉ VIKTOR

Dj Þröstur 3000 villimannast á græjunum næstum fram á mánudag. Vertu maður með mönnum og mættu eldsprækur eins og bullandi lækur á Victor í kvöld.



VEGAMÓT

Ertu maður eða mús? Það verður þessi líka dúndrandi stemning sem endar bara á einn veg, allir í sveittu svitabaði á dansgólfinu langt fram eftir morgni. Það er enginn annar en Dj Equal frá New York sem þeytir skífum.

HRESSÓ

Það er allt að gerast hér í kvöld. Dúettinn Ari og Gunnir spila frá 22 til 01. Þeir munu hita upp og koma fólkinu í gírinn, síðan tekur Dj Johnny Nasty við og hann mun þeyta skífum það sem eftir er af kvöldinu.

KLÚBBURINN

Þá er komið að því að hljómsveitin Smack heldur uppi fjörinu fyrir allt og alla og er því um að gera að drífa sig að sjá hann í fullu fjöri.

LANDSBYGGÐIN



SJALLINN

Sjallinn stendur alltaf fyrir sínu og bregst ekki sínu fólki. Stuðið hefst að sjálfsgöðu á föstudaginn eru það sprelligosarnir Gullfoss og Geysir sem spila þar til yfir lýkur. Við tekur svo á laugardaginn Addi trommari og Dj J.B.K. Lokasprettinn tekur djassveitin the Jazzy Havanas sem mun róa mannskapinn niður og koma þeim í réttan vinnuvikugír.

YELLOW

Atli skemmtanalögga klikkar aldrei og ekki er neitt annað að segja um helgina. Atli heldur uppi massa fjöri bæði föstudags- og laugardagskvöld.

DÁTINN

Það vantar aldrei fjörið í fólkið né staðinn hér á bæ, það verður hinn eini sanni Pétur sem heldur uppi stemningu og dansinn mun duna fram á rauða nótt.

Sódóma Reykjavík

SÓDÓMA REYKJAVÍK ER PRÓGRAM SIRKUSS RVK. FYRIR NÆSTU DAGA. FYLGDU ÞVÍ Á LEIÐINI TIL BÆTTRAR HEILSU. SENDU OKKUR PÓST MEÐ ÁBENDINGUM UM BRÁÐNAUÐSYNLEGA ATBURÐI NÆSTU HELGAR Á SODOMA@365.IS

LISTASÝNINGAR

ARTÓTEK GRÓFARHÚSI

Steinunn Helgadóttir sýnir ljósmyndir og DVD. Hægt er fá allar nánri upplýsingar á artotek.is.

EINHOLT 6

Það eru hjónin Biggi Breiðadal og Ása Heiðar Rúnarsdóttir sem er með þessa sýningu. Húsið er opið frá 16.00 til 18.45.

HRAFNI STA HAFNARFIRÐI

Sjö málarar frá félagsmiðstöðinni Gerðubergi sýna verk sín í Menningarsal dvalarheimilisins.

GRAFARVOGSKIRKJA

Sýning Svövu Sigríðar. Á sýningunni er tólf vatnslita myndir eftir hana. Sýningin er í áttaha bókasafni Grafarvogs.

HANDVERK OG HÖNNUN

Nú stendur yfir sýningin Auður Austurlands í tengslum við Vetrarhátíð í Reykjavík. Á sýningunni eru fjölbreyttir munir unnir úr hráefni tengdu Austurlandi, lerkí, líparítí, hreindýraskinni, horni og beini.

GALLERÍ HUMAR EÐA FRÆGD

Sýning á vegum Leikminjasafns Íslands um götuleikhópinn Svart og Sykurlaust. Ljósmyndir, leikmunir, kvikmyndasýningar. Opið 12 - 16 laugardaga og 12 - 18 virka daga.

BORGARSKJALASAFN

Guðfinna Ragnarsdóttir heldur sýningu um ættfræði.

DUUS HÚS

Sýning Poppminjasafnsins þar sem sagt er frá tímabilinu 1969 til 1979 í máli og myndum. Rifjuð upp tískan og tíðarandinn, opið til 13-18.30 til 1. apríl.

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

Friðrik Örn sýnir ljósmyndir.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, HAFNARHÚS

Myndir eftir Erró eru til sýnis og mun sýningin vera til 23. apríl

GALLERÍ FOLD

Sveinbjörg Hallgrímsdóttir sýnir handþrykktar tréristur í Baksalnum til 12. mars.

LISTASAFN REYKJAVÍKUR, KJARVALSSTAÐIR

Jóhannes Sveinsson Kjarval. Í ár eru 120 ár frá fæðingu málans fræga. Sýningin stendur yfir til 19 mars.



HALLGRÍMSKIRKJA

Við erum að tala um olfumálverkum eftir Sigrúnar Eldjárn. Það þykir vera töff.

LISTASAFNIÐ AKUREYRI

Tvær sýningar eru í gangi. Spencer Tunick og sýningin hans Bergsvæði og Halla Gunnarsdóttir og sýningin hennar Svefnfarir.

KARÓLÍNA RESTAURANT

Óli G með sýninguna tTýnda fiðrildið.

IS GELLERÍ

Tumi Magnússon sýnir ljósmyndir og myndbandsverk sem eru á mörkum málverks og ljósmynda.

REYKJAVÍKURBORG

Stella Sigurgerisdóttir sýnir 20 minningarstópla sem eru unnir á umferðaskilti víðsvegar um Reykjavík.

LEIKHÚS

FÖSTUDAGUR 10. MARS

VIRKJUNIN

Frum sýning á Virkjuninni eftir Nóbelsverðlaunahafann Elfríede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifs-dóttir. Verkið er stjörnum prýtt. Leikendur eru Arnar Jónsson, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Lilja Guðrún Þorvaldsdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Páll S. Pálsson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir, Þórunn ClausenYog Þórunn Lárusdóttir.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Í Iðnó klukkan 20. Þetta verk er eitthvað sem enginn má fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snaer Guðnason kemur áhrofundum sínum á óvart hvað varðar leik og tilbúð. Eitthvað er um laus sæti í kvöld.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamallri konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla Sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

ÖSKUBUSKA

Íslenska Óperan klukkan 20. Uppfærsla Rossinis á ævintýrinu um Öskubusku. Sýningin er létt og skemmtileg fjölskylduskemmtun, þar sem allir labba út með bros á vör. Með hlutverk Öskubusku fer Sesselja Kristjánsdóttir og í öðrum hlutverkum eru m.a. Garðar Thór Cortes, Bergþór Pálsson, Hlín Pétursdóttir og Davíð Ólafsson.

MARÍUBJALLAN

Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrikomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

HVAÐ ÆTLAR ÞÚ AÐ GERA UM HELGINA

VINNA OG SVO ER FRÆNKUSKRALL

„Ég verð að vinna bæði föstudags og laugardagskvöld,“ segir Helga Sörensdóttir fyrverandi Bachelor gella. „Ég er að læra kokkinn á Vox og það er sko algjör snilld. Eftir vinnu er ég væntanlega að fara að djamma, það er búið að skipuleggja eitthvert frænku djamm. Það er planið eins og staðan er í dag, maður hellir sig bara fullan og fer svo niðri bæ. Það er bara planið,“ segir Helga spennit yfir helginni. „Á sunnudaginn ætla ég annað hvort að hvíla mig af því ég er búin að vinna alveg streit í mánuð eða þá að labba upp á Keili og svo í Blá Lónið. Ég fór upp á Esjuna síðustu helgi og er að spá í að negla bara Keili hjá Grindavík, labba upp og niður og enda í Bláa Lóninu,“ segir Helga frískleg og funheit.



RAUTT MALBIK OG STÚDIÓ

„Á föstudaginn verð ég auðvitað með þáttinn minn, Blautt malbik á X-inu 97,7,“ segir Danni Deluxe útvarpsmaður og plötusnúður. „Svo á laugardaginn ætla ég aðeins að kíkja út, ég er að vísu að fara í stúdíó á laugardaginn, vinna smá tónlist en síðan kíkji ég í nokkra bjóra eftir það. Ég er að vinna fyrir Dóra DNA, eitthvað fyrir plötuna hans, beisikl bara það. En svo á sunnudaginn fer ég pottþétt út að borða með kærustunni. Tja veit ekki alveg hvert, en ég dett inn á eitthvað gott“ segir Danni Delux kátur að vanda.



TAKA UPP FIÐLU OG SIRKUS

„Hvað ég ætla að gera um helgina, bíddu nú við“ segir Sindri Már Sigfússon í hljómsveitinni Seabear. „Hvaða mánaðardagur er um helgina? Ætli ég geri ekki það sem ég geri allar helgar, fara á Sirkus. Þurfum að taka upp fiðlu, stelpa sem er í hljómsveitinni er að spila á fiðlu inn á eitt lag. Það er svona eina planið, annars bara ekkert sérstakt. Kannski ef það verður gott veður þá kannski maður grilli smá tofu, hver veit? Á sunnudaginn horfir maður kannski bara á David Attenborough með unnustunni,“ segir Sindri kátur í bragði.



GRUNNIRINN Á DRYKKJUMENNSKUNNI

GÓÐUR MANHATTAN ER BARA BETRI EN FLEST

„Það er Manhattan“ segir Orri Huginn Ágústsson, leiklistarnemi. „Góður Manhattan kokteli er bara betri en flest, það er einhver nostalgía sem fylgir þessum dýrindiskoktel. Maður hefur leyft sér það að fá sér þennan drykk í upphafi góðs kvölds og núna síðast var það þegar ég fór á Fod and Fun. Dýrindismáltíð á Grillinu og þá hófst kvöldið á einum Manhattan áður en haldið var á Grillið. Það er yfirleitt ávísun á gott kvöld ef það byrjar á Manhattan“ segir Orri.

„Ég drakk hann fyrst þegar ég var barþjóni á Rex árin 1999-2000. Þegar það var nýbúið að opna Rex, þá fór ég að sökkva mér út í kokteilgerð og að drekka hina og þessa koktela. En svo varð ég bara svo yfir mig ástfangin af þessum drykk við fyrsta smakk,“ segir Orri Huginn sem segist vera mikill koktelmaður alla jafna.



ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikurinn iAlveg BRILLJANT skilnaðurí gerist í næsta nágrenni við okkur öll á þessum síðustu og verstu tímum. Leikurinn er á gamansömum nótum enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum og greinir frá ofur hvundagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Ástu að nafni, sem býr í Grafarvoginum. Sýningin er í Borgarleikhúsinu á litla sviði.

TALAUÐU VIÐ MIG -ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN-

Það eru tveir af fremstu danshöfundum Evrópu sem að koma að þessari sýningu, Þeir Rui Horta og Didy Veldman. Horta hefur þrisvar áður með Íd. Hann frumsamdi til dæmis verkið Pocket Ocean fyrir Íd árið 2001. Veldman er hins vegar að vinna með Íd í fyrsta skipti. Þema sýningarinnar eru samkvæmisdansar.

LAUGARDAGUR 11. MARS

MARÍUBJALLAN

Verkið verður einungis sýnt í febrúar og mars og er það í samræmi við nýtt sýningarfyrrkomulag sem LA tók upp á síðasta leikári þar sem hvert verk er einungis sýnt í stuttan tíma – en þeim mun þéttar. Í vetur hafa flestar sýningar leikhússins selst upp og því ástæða til að hvetja alla til að hafa hraðar hendur og tryggja sér miða.

VIÐTALIÐ

Núna um helgina frumsýnir Draumasmiðjan í samvinnu við Hafnarfjarðarleikhúsið leiksýninguna Viðtalið. Viðtalið fjallar um mæðgur sem eru að fara í viðtal. Dóttirin er heyrnarlaus og móðirin heyrandi. Túlkur kemur til að vera til aðstoðar í viðtalinu. Spyrjandinn er seinn og mæðgumar fara að spjalla saman í gegnum túlkinn.



VIKJUNIN

Leikritið Virkjunin eftir Nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjörnum prýtt. Leikendur eru meðal annars, Arnar Jónsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Þórunn Lárusdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir og Þórunn Clausen.

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er vígslusýning Kassans í Þjóðleikhúsinu á verki Ibsens, Pétri Gaut. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafli og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessarri frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

CARMEN

Söngleikurinn Carmen er samstarfsverkefni Leikfélags Reykjavíkur og Íslenska dansflokksins, þar sem óperunni eftir Bizet er snúið í söngleik um ástir, afbrýði og hrikaleg örlög, sem ekki verða umflúin. Ásgerður Júníusdóttir leikur Carmen. Sveinn Geirsson leikur Don José og Erlendur Eiríksson Escamillo. Sýningin hefst klukkan átta.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum upplákomum. Sýningin hefst klukkan fimm.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren en er í leikstjórn Sigrún Edda Björnsdóttir. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa söguni og persónunum að flytja sig á braut ævintýranna.

ÉG ER MÍN EIGIN KONA

Í Iðnó klukkan 20. Þetta verk er eitthvað sem enginn má fram hjá sér fara. Um er að ræða einleik þar sem Hilmir Snær Guðnason kemur áhrofundum sínum á óvart hvað varðar leik og tilburði. Eitthvað er um laus sæti í kvöld.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamallri konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla Sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnettnum og beinskeittum húmor á kaldhæðin hátt. Sýningin hefst klukkan átta íkvöld á litla sviði í Borgarleikhúsinu.

SUNNUDAGUR 12. MARS

WOYZECK

Snillingurinn Nick Cave sér um tónlistina í þessu leikriti sem er að gera góða hluti í Borgarleikhúsinu.

TÚSKILDINGSÓPERAN

Hver er munurinn á að ræna banka og að taka yfir banka? Þessari spurningu er varpað í þessu leikriti sem er sýnt á Stóra Sviðinu í Þjóðleikhúsinu. Frá Bertolt Brecht og Kurt Weill kemur þetta brilljant leikrit sem sló í gegn þegar það út kom út í Berlín. Leikritið fjallar um um skrautlegan lýð, broddborgara og bófa.

ÖSKUBUSKA

Íslenska Óperan klukkan 15. Uppfærsla Rossinis á ævintýrinu um Öskubusku. Sýningin er létt og skemmtileg fjölskylduskemmtun, þar sem allir labba út með bros á vör. Með hlutverk Öskubusku fer Sesselja Kristjánsdóttir og í öðrum hlutverkum eru m.a. Garðar Thór Cortes, Bergþór Pálsson, Hlín Pétursdóttir og Davíð Ólafsson.

RONJA RÆNINGJADÓTTIR

Ronja Ræningjadóttir eftir Astrid Lindgren en er í leikstjórn Sigrún Edda Björnsdóttir. Þetta klassíska og ávallt hressandi verk er sýnt í Borgarleikhúsinu. Söguna kannast flestir við og þeir sem ekki gera það munu ekki sjá eftir því að leyfa söguni og persónunum að flytja sig á braut ævintýranna.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum upplákomum.

KLAUFAR OG KÓNGSDÆTUR

Barnaleikrit sem hentar öllum aldri. Farið er í ævintýra heim H.C.Andersen. Handritið er byggt á nokkrum vel völdum ævintýrum frá þeim danska höfunds. Björgvin Franz Gíslason stelar senunni í þessu annars mjög flottu verki. Sýningin var fyrst sett á koppinn fyrra vetur og gengur enn vegna vinsælda. Sýningin hefst klukkan eitt og er hún sýnd á stóra sviði Þjóðleikhússins.

MIND CAMP

Það eru þeir Egill Heiðar Anton Pálsson, Jón Atli Jónasson og Jón Páll Eyjólfsson sem leiða saman hesta sína við smíði verksins Mind Camp sem sýnd er í Hafnarfjarðarleikhúsinu. en leikendurnir eða væri nær að segja flytjendur hafa lagt sitt í þúkið. Flytjendur leggja sitt af mörkum við að brjóta leikformið undan yfirráðum persónusköpunnar. Einkar áhugaverð sýning.

SUNNUDAGSKVÖLD MEÐ SVÖVU

Hægt er að fræðast um ævistarf Svövu Jakobsdóttur í smíðaverkstæðinu í kvöld. Í tengslum við sýninguna Eldhús eftir máli er boðið upp á fyrirlestur, kvöldverð, leiksýninguna og umræður á eftir.

TALAUÐU VIÐ MIG

Nýtt og spennandi leikrit sem kemur áhorfandanum vel á óvart. Verkið var frumsýnt um síðustu helgi.

BELGÍSKA KONGÓ

Eggert Þorleifsson fékk Grímuverðlaunin fyrir túlkun sína á Rósalind, gamallri konu á elliheimili sem fær heimsókn frá barnabarni sínu sem hún er ekki búin að tala við í sjö ár. Leikritið er sýnt á litla Sviði Borgarleikhússins klukkan átta.

NAGLINN

Nýtt verki eftir Jón Gnarr. Þetta er harmleikur um karlmennskuna, saga manns sem finnst allt hafa farið til einskis þrátt fyrir allan sinn vilja til að standa sig. Gunnar Sigurðsson og Jón Stefán Kristjánsson sjá um leikinn. Jón kann að skemmta landanum með hnettnum og beinskeittum húmor á kaldhæðin hátt. Sýningin hefst klukkan átta íkvöld á litla sviði í Borgarleikhúsinu.

ÞRIÐJUDAGUR 14. MARS

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum upplákomum. Sýningin er klukkan fjögur ídag og einnig er sýning klukkan átta.

MÍÐVIKUDAGUR 15. MARS

ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR

Einleikurinn iAlveg BRILLJANT skilnaðurí gerist í næsta nágrenni við okkur öll á þessum síðustu og verstu tímum. Leikurinn er á gamansömum nótum enda þótt honum megi á köflum lýsa sem harmskoplegum og greinir frá ofur hvundagslegri miðaldra höfuðborgarmær, Ástu að nafni, sem býr í Grafarvoginum. Sýningin er í Borgarleikhúsinu á litla sviði.

ELDHÚS EFTIR MÁLI

Þjóðleikhúsið heiðrar minningu Svövu Jakobsdóttur sem hefði orðið 75 ára á þessu ári. Svava hafði mikil áhrif á íslenskt menningarlíf og samfélag á seinni hluta 20. aldar og kom með skarpa sýn á stöðu konunnar í nútímasamfélagi. Leiksýningin er innblásin af fimm smásögum eftir Svövu og er leikritið fullt af söngvum og óvæntum upplákomum. Sýningin er klukkan fjögur ídag og einnig er sýning klukkan átta.

MANNTAFL

Í samstarfi við leikhópinn Þríbilju. Ævintýraleg hetjusaga manns, sem bjargaði lífi sínu í einangrunarfangelsi nasista með því að iðka skáklitina, íþrótt íþróttanna. Þannig hélt hann styrk sínum gegn fantalegum yfirheyrslum Gestapomanna, en var, fyrir bragðið, næstum búinn að missa vitið. SNILLDARLEG SKÁK-FLÉTTA

FIMMTUDAGUR 16. MARS

PÉTUR GAUTUR

Í kvöld er verk Ibsens, Pétur Gautur sýnt í Kassasnum í Þjóðleikhúsinu. Í sýningunni nýtur mannlegt innsæi höfundarins sín til fulls og ímyndunarafli og hugmyndaauðgi hans fara á flug í þessarri frumlegu uppsetningu Baltasars Kormáks sem flytur persónuna í nútímann. Björn Hlynur Haraldsson fer með aðalhlutverkið. Í öðrum hlutverkum eru m.a. Brynhildur Guðjónsdóttir, Ingvar E. Sigurðsson, Ólafur Egill Egilsson og Guðrún Gísladóttir.

VIKJUNIN

Leikritið Virkjunin eftir Nóbelsverðlaunahafann Elfriede Jelinek í leikgerð Maríu Kristjánsdóttur verður á Stóra sviði Þjóðleikhússins í kvöld. Leikstjóri er Þórhildur Þorleifsdóttir. Verkið er stjörnum prýtt. Leikendur eru meðal annars, Arnar Jónsson, Björgvin Franz Gíslason, Gísli Pétur Hinriksson, Þórunn Lárusdóttir, María Pálsdóttir, Nanna Kristín Magnúsdóttir, Ólafur Steinn Ingunnarson, Rúnar Freyr Gíslason, Sólveig Arnarsdóttir og Þórunn Clausen.

HUNGUR

Hungur er nýtt, íslenskt verk eftir Þórdísi Elvu Þorvaldsdóttur Bachmann, og verður frumsýnt á Litla sviðinu þann 18. febrúar næstkomandi. Hungur er um lífsbaráttu fjögurra einstaklinga í heimi þar sem útlitkröfurnar eru svo óraunhæfar að internetið er eini staðurinn þar sem hægt er að uppfylla þær. Hvað gerist þegar tveir anorexíusjúklingar mynda vínátutengsl, og þegar offitusjúklingur finnur sér loks maka sem elskar hvern einasta blett á henni?

Loksins á Playstation 2



ÚTGÁFA
15. MARS



Þú sendir SMS skeytið
BTC S24
á númerið 1900
Þú svarar spurningu
Þú gætir unnið.
12. hver vinnur.



Aðalvinningur er:
Playstation2 + PSP+24 + The Godfather

Aukavinningar eru:
24 Tölvuleikir • The Godfather tölvuleikir
PS2 stýripinnar • Playstation minniskort
DVD myndir • Varningur tengdur PS2 og tölvuleikjum
Fullt af öðrum tölvuleikjum • Pepsi kippur og margt fleira



Vinningar verða afhentir hjá BT Smáralind. Kópavogi. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 149 kr/skeytið.

SÖLUTURNINN DREKINN HEFUR STAÐIÐ SEM STEINN Á HORNINU Á NJÁLSGÖTU 25 Í ÁRARADIR OG FÆTT MARGAN BORGARBUÁNN. SIRKUS RVK ÁKVAÐ AÐ LÍTA INN HJÁ ÞEIM OG ATHUGA HVERNIG MÁLIN STAÐU OG LEITA SKÝRINGA Á ÞVÍ HVERS VEGNA ÞESSIR BORGARAR ERU EINS VINSÆLIR OG RAUN BER VITNI.



SIRKUSMYND - E. ÓL.

ÞAÐ Á AÐ GERA MYND UM ÆVI ÞÍNA



HVER MYNDI LEIKA ÞIG?

ALVARLEGUR JIM CARREY

„Já okei ef það væri verið að fara að gera stórmynd um mína stuttu ævi, þá mundi ég fá einhvern erlenda leikara,“ segir Ívar Örn hugsi. „Hann þyrfti að læra íslensku og leika mig, hann þyrfti að undirbúa sig rosalega vel, tæki kannski 4-5 ár, læra íslenskuna sko og já ég mundi fá uppháldsleikarann minn hann Jim Carrey til að leika mig,“ segir Ívar eftir smá umhugsun. „Svona grínútgáfu af mér, hann er svo ofsalega klár því hann getur leikið bæði í „kómík“ og dramatískum rullum eins og Truman Show, Man on The Moon og Etearnal Sunshine of the Spotless Mind til dæmis. Mér finnst hann bestur þannig, ég er orðinn leiður á honum í gríninu, ég vil hafa hann bara í alvarlegum hlutverkum núna. Hann er alveg búinn að klára sig í Fun with Dick and Jane, mér fannst það alveg hrikaleg mynd,“ segir Ívar hlæjandi. „Ég held að hann sé búinn með grínið, hann má alveg spara það.“

DREKABRÆÐURNIR GALVASKIR VIÐ GRILLIÐ

„Söluturninn Drekin, góða kvöldið,“ er sagt á hinni línunni. Sirkus RVK ákvað að bjalla á Söluturninn Drekin á horninu á Njálsgötu sem er alræmdur fyrir góða borgara og Delux samlokur. Drekin er fjölskyldufyrirtæki sem sér um að þjónusta og fæða margan manninn, en breytingar hafa átt sér stað og hafa bræðurnir tveir tekið við rekstrinum – þeir Birgir og Snorri Guðmundsynir. Af því tilefni ræddum við stuttlega við Birgi en það mátti heyrast í Snorra á grillinu. „Drekin hefur verið til í svona 30 ár, en ekki á sama stað. Hann var fyrst í húsinu við hliðina, en hann var samt á sama horni. Amma fyrrverandi kærustunnar minnar átti þessa sjoppu, hún byrjaði með Drekin og hún er hundgömul,“ segir Birgir og hlær.

Hvað er vinsælast hjá ykkur?

„Drekaborgarinn er það vinsælasta. Það er forsteiktur hamburgari sem er svo hitaður upp í örbylgjuofni. En svo er tvöföld delux lambasteikin að koma sterk inn,“ segir Birgir en viðurkennir að þeir séu hvað frægastir fyrir Drekaborgarinn. „Uppskriftin er náttúrulega góð en svo eru margir sem kaupa þá og eiga í ísskápnnum heima hjá sér, skella honum svo í örbylgjuofninn þegar þeir vakna á morgnana. Drekaborgararnir eru nefnilega keyptir kaldir en við erum auðvitað með þá heita á grillinu. Það er alltaf mikið að gera en mest þegar skólakrakkarnir koma í hádeginu, Austurbæjarskóli og Iðnskólinn. Svo er alltaf traffík á kvöldin þegar fólk er að koma af barnum,“ segir Birgir um kúnnahóp Drekan sem er stór og fjölskrúðugur.

SEJ

SPURT OG SVARAÐ MEÐ BIG G

Eins og hef sagt oft áður þá er Big G eina celebíð á landinu sem hugsar vel um sína aðdáendur. Flestallir frægir á Íslandi eru hálfvitar, en ekki Gillz, hann veit að aðdáendurnir eru númer 1,2 og 3. Ég fæ svona 70 e-meil á viku frá metnaðarfullu fólki sem vantar svör við hinum ýmsu spurningum og vandamálum. Það getur verið erfitt að svara 70 e-meilum á viku en ég geri mitt besta til þess að hjálpa þessu fólki. Í þetta skiptið hef ég ákveðið að svara nokkrum spurningum hér í Sirkus sem ég valdi af handahófi.

Sp: Blessaður Gillz. Ef maður lendir í því að skíta á punginn á sér, hvað gerir maður þá? Skeinir maður pungnum á sér eða skolar maður hann bara? Kv, DirtyBoy

Sv: Sæll vertu DirtyBoy. Það fer allt eftir því hversu svakalega þú skítur á punginn á þér. Ef að þú skeist bara aðeins á þig þá getur mögulega verið nóg að skeina bara pungnum, en ef þú ert með allt niðrum þig og skeist út allan punginn þá getur verið ágætt að skola hann. Það hefur komið fyrir að menn hafa skitið það svakalega á punginn á sér að þeir hafa verið allan daginn að skola hann og skeina sér.

Sp: Sæll hr. G. Ég var að velja því fyrir mér, hvort heitir Heiðar Austmann, Hafsteinn eða Heiðar? Ég hef tekið eftir því að þú kallar hann alltaf Hafstein. Hvað er rétt í þessu? Kv, Friðjón

Sv: Þetta er góð spurning Friðjón. Fáir vita að hann Hafsteinn Austmann var skírður Hafsteinn. Hann bjó til nafnið Heiðar þegar hann var yngri því hann var mikill aðdáandi Heiðars snyrtis, en hann heitir í rauninni Hafsteinn. Það má líka kalla hann Haffa, eða Haffa Aust.

Sp: Gillz, hvort er mikilvægara að vera massaður eða tanaður? Kv, Roid Rage Ryan.

Sv: Pass.



Sp: Gillz, mamma og pabbi skírðu mig Hávar og ég hef aldrei tappað af. Ég vil meina að það sé aðallega út af nafninu mínu. Hvað get ég gert? Kv, Hávi

Sv: Farðu niður á Stórhöfða 42 þar sem stendur á stóru skilti Papco. Röltu þar inn og biðu um Einar á lagernum. Ég er búinn að tala við Einar og hann á von á þér. Hann er með heilt bretti af pappir fyrir þig og ég mæli með því að þú byrjir bara að skeina þér strax í dag því að þú átt aldrei eftir að losa neitt meðan þú heitir Hávar dreng. Sorry.

Sp: Blessaður dreng, heyrðu þú þekkir Ásgeir Kolbeins er það ekki, ég var bara að velja því fyrir mér, er hann rauðhærður í alvörunni eða er það bara kjaftæði? Kv, Kolb-Fan

Sv: Sæll Kolb-Fan. Mér þykir leiðinlegt að segja þér það en hann Kolb er svo svakalega rauðhærður að hann þurfti að fara í tólf litanir til þess að ná að fela skærrauða litinn. Enn þann dag í dag þarf hann að fara í litun á viku fresti, annars kemur rauði liturinn fram. Mér þykir mjöðööög leiðinlegt að þurfa vera sá sem sagði þér þetta Kolb-Fan, en svona er þetta bara.

Sp: Blessaður Gilli. Kæran min vill ekki að ég raki á mér bringuna, en mig langar samt að vera töff dreng, hvað get ég gert. Kv, King Kong

Sv: Sæll King Kong. Pantaðu þér tíma hjá Fyrir&Eftir án þess að láta prinsessuna vita. Farðu og láttu vaxa þetta ALLT af. Kæran þin getur ekki krafist þess af þér að þú sért eins og hálfviti þó svo að hún sé með eitthvað hárfetish. En treystu mér, hún á ekki eftir að kvarta þegar þú kemur heim, ágætis líkur á blástursmeðferðinni, ef þú veist hvað ég á við.

Sp: Gillz, ég er að vinna með gæja sem fer á klósettið svona 4-5 sinnum á dag! Og hann er alltaf í svona hálf tíma í hvert skipti sem hann fer á helvítis klósettið og þá þarf ég alltaf að vinna meira! Hvað get ég gert og hvað er hann að gera þarna? Kv, Einn pirraður

Sv: Blessaður einn pirraður. Það eru ágætis líkur á því að vinnufélagi þinn sé að fróa sér. Félagi minn á það til að nota salernisastöðuna í vinnunni hjá sér og kippa í og hann er örugglega ekki sá eini. Ég myndi segja að hann sé örugglega í mesta lagi að hægja sér í eitt skipti af þessum fimm sem hann fer á dolluna. Það sem þú getur gert er að elta hann næst þegar hann fer á klósettið. Síðan biðurðu fyrir utan í svona tvær mínútur þannig að hann sé pottþétt byrjaður að rífa í jónssoninn. Það er mikilvægt að þú sért búinn að verða þér útum myndavél þegar þú gerir þetta. Þetta er ósköp einfalt, þú bara sparkar hurðinni af hjörunum, öskrar: „HANN ER AÐ FRÓA SÉR, HANN ER AÐ FRÓA SÉRI!“ og tekur mynd af honum sem þú setur síðan upp á töfluna í vinnunni. Þetta ætti að redda þessu.

Ef að þið hafið einhverjar spurningar þá bara um að gera að senda þær á kallinn. Meilið er buffid@hotmail.com

Sæææææælar! Kv, Gillz



31

Fender



DIAMOND ANNIVERSARY
1946 - 2006



HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ

Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is Sími 591 5340